



kjarninn

10. útgáfa – 24. október – vika 43



MOKGRÆDDU Á FALLI KRÓNUNNAR


Í áður óbirtri greinargerð er farið yfir viðskipti fjögurra stjórnenda Kaupþings fyrir hrún.

Högnuðust um hundruð milljóna króna með stöðutöku gegn krónu og sölu hlutabréfa.

Gjaldeyrir notaður til að kaupa þúsundir flaskna af eðalvíni sem eru metnar á háar fjárhæðir.

Efnisyfirlit

10. útgáfa
24. október 2013
vika 43



TÆKNI

Nýr iPad kynntur til sögunnar



KJARASAMNINGAR

Lágmarkskrafan 17 prósentu hækkun



TYRKLAND

Mögnuð lýsing af vettvangi



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Hildur Sverrisdóttir

Stjórnsmál, kynlífsfantasíur og Vatnsmýrin



STJÓRN MÁL

Ólafur Ragnar er sigurvegarinn



DANMÖRK

Skjótt skipast veður í lofti hjá Lars Løkke



STJÓRN MÁL

Skotar vilja efla samstarf við Ísland



ALMANNATENGSL

Hitnar undir hjá Tesla

ÁLIT

„Hugsanleg opnun nýrra siglingaleiða og nýting auðlinda í jörðu ráða mestu um áhuga ríkja og alþjóðafyrirtækja á svæðinu.“

Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra

ÁLIT

„... að það væri eins og að handtaka jólasveininn í desember eða lóna á vorin“

Þóra Hallgrímsdóttir




MATUR

Sænskur kokkur eða rokkari



LEIKLIST

Jeppi á Fjalli er of mikið af öllu



BÍLAR

Rafhloðubílar eru framtíðin



UPPLÝSINGATÆKNI

Markaðsvæðing þekkingarinnar



DÓMSMÁL

Nýjar ESA-reglur hemja hið opinbera



kjarnaofninn

Kjarnaofninn er hláðvarp Kjarnans. Það má nálgast á vefnum www.kjarninn.is/kjarnaofninn

Í SÍÐUSTU VIKU:
Norðurlóðir í Kjarnaofninum
Spjall Sigríðar Blöndal við Alequ Hammond, forsætisráðherra Grænlands, og Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á ráðstefnu um norðurlóðir í Hörpu



EN EF ÉG KAUPI 607 GISTINÆTUR?



HÓPKAUP

í krafti fjöldans



Hér gerðist ekki ekkert

LEIÐARI

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Miklum fjármunum, orku og sannfæringarmætti hefur verið eytt í það á undanföllum árum að reyna að sannfæra íslensku þjóðina um að gjörningar sem áttu sér stað í aðdraganda bankahrunsins hafi ekki verið lögbrot. Þeir sem skilji það ekki eru einfaldlega ekki sagðir skilja business. Þessi þrýstingur virðist vera að aukast nú þegar styttist í að stór mál sem embætti sérstaks saksóknara hefur rannsakað fari í málsmeðferð fyrir dómstólum. Og sakborningar eru orðnir hræddir.

Því hefur einnig verið haldið fram að fáar ákærur eftir fimm ára rannsóknabráðs afsanni kenningar um fjölda augljósra glæpa í aðdraganda hrunsins, en Sérstakur saksóknari hefur þegar ákært í á þriðja tug þeirra um 100 hrunmála sem rötuðu inn á borð hans. Slíkar raddir segja íslensku banka- og fjárfestingakarlarana einfaldlega hafa lent í sviptivindum alþjóðlegrar fjármálakreppu. Stöðutökur hafi verið varnir. Markaðsmisnotkun hafi verið viðskipti. Umboðssvik hafi verið tilfærslur eða björgunaraðgerðir. Þessar endalaus rannsóknir séu ekkert annað en nornaveiðar til að finna sökudólga í málum þar sem engin sök sé til staðar.

Lýður Guðmundsson, sem nýverið var ákærður í annað sinn fyrir fjármálaglæp og hefur þegar verið dæmdur einu sinni sekur fyrir slíkan, skrifaði grein í Fréttablaðið sumarið 2011 þar sem hann sagði: „„Uppgjörrið“ hér á landi við hrunið á sér engin fordæmi erlendis ... enginn forstjóri banka á Wall Street hefur verið ákærður í kjölfar hrunsins, þótt þar hafi allir fjárfestingabankarnir í raun orðið gjaldþrota ... Ástæðan er ekki að lögregluþyriföld í Bandaríkjunum hafi ekki verið að skoða þessi mál, heldur að illa hefur gengið að finna lögbrot.“

Það er rétt að fáar ákærur hafa litið dagsins ljós í Bandaríkjunum. En því fer fjarri að um það sé einhver sátt að þar hafi engin lögbrot átt sér stað. Þvert á móti telja 68 prósent fullorðinna Bandaríkjamanna að yfirvöld hefðu átt að sýna meiri hörku í rannsóknum og refsingum sínum fyrir ætlaða glæpastarfsemi á Wall Street. Sú leið sem bandarísk stjórnvöld hafa hingað til valið að fara er að leyfa hvítflibbum að borga sig frá málshöfðunum. Þar eru lögadilarnir, kennitölurnar, gerðir ábyrgir fyrir glæpum en ekki einstaklingarnir sem tóku ákvarðanir um að framkvæma þá. Þar skiptir nálægð fjármálaelítunnar í Bandaríkjunum við stjórnmalamenn ugglaust gríðarlegu máli, en hún er hvergi meiri en þar.

Þetta virðist þó vera að breytast. Bankarisinn JP Morgan gerði til að mynda samkomulag fyrir í þessum mánuði þar sem hann samþykkti að greiða um 40 prósent af ætluðum tekjum þessa árs í sekt vegna stórkostlegrar markaðsmisnotkunar. Það er hæsta bankasekt sögunnar. Það vakti hins vegar mikla athygli að saksóknarinn í málinu, Eric Holder, sagði samkomulagið ekki taka til saknæmra gjörða starfsmanna bankans og því er enn möguleiki á saksókn. Rannsókn á því, og raunar mun fleiri ætluðum brotum starfsmanna bandarískra fjármálafyrirtækja, stendur enn yfir. Það er því ljóst að Bandaríkjamenn líta ekki svo á að fáar ákærur afsanni þá kenningu að fjöldi glæpa hafi mögulega verið framinn árið 2008 og á árunum þar á undan.

Kjarninn greindi síðan frá því í síðustu viku að Danir eru nú farnir að ákæra fyrir umboðssvik, fjársvik og markaðsmisnotkun fyrir meint brot sem áttu sér stað á árinu 2008. Á meðal þeirra sem ákærðir hafa verið eru bankastjórar og stjórnarformenn fjármálafyrirtækja. Ákærur gegn bankamönnum hafa líka verið gefnar út í Sviss, Frakklandi og fleiri ríkjum.

Sú söguskýring að Ísland sé eina landið sem rannsaki meinta efnahagsglæpi heldur því ekki lengur vatni. Þá dugur heldur ekki að segja rannsóknartímann of langan. Hann er nefnilega lengri víða annars staðar, enda er rannsókn á meintum efnahagsglæpum oft á tíðum afar flókin. En þótt ekki hafi verið sótt til saka fyrir ákveðnar tegundir ætlaðra brota áður þýðir það alls ekki að undirliggjandi gjörningar séu ekki lögbrot.

Auðvitað eru ömurlegar hliðarverkanir sem fylgja uppgjöri á borð við það sem á sér stað á Íslandi. Einstaklingar hafa að ósekju verið látnir vera með stöðu sakborninga árum saman sem leitt hefur, í einhverjum tilvikum, til starfs- og tekjumissis. Þeir sem verða fyrir slíku eiga hiklaust að sækja rétt sinn. En það dregur ekki úr þörfinni fyrir það að klára það uppgjör sem hafist var handa við.

Líkast til er þorri íslensku þjóðarinnar sammála um að margt það sem gert var í aðdraganda hrunsins var rangt. Og að þeir sem framkvæmdu þá gjörninga hafi gert það einvörðungu með þrönga hagsmuni þess fámenna hóps sem bjó til blekkinguna um fjármálamiðstöðina Ísland í huga. Þeir stjórnvöldust af græðgi og eiginhagsmunasemi. Afleiðingar gjörða þeirra ber hins vegar almenningur og hann á skilið að fá að vita hvort þessir gjörningar eru löglegir eða ekki.

Mörg málanna eru nefnilega með öllu fordæmalaus í dómskerfinu og niðurstaða þeirra mun leggja línuna inn í framtíðina. Það er nauðsynlegt að klára uppgjörið. Ástæðan er ekki illgirni eða mannhat. Hún er þörfin fyrir að eyða gráa svæðinu. Þörfin fyrir að skilgreina skýrt hvað má og hvað má ekki. Ef sú þörf verður ekki uppfyllt getum við ekki lokað þessum ömurlega kafla sem hrunið og eftirmálar þess er í sögu íslenskrar þjóðar. Þá getum við ekki eytt tortryggninni og vansældinni. Og það er einfaldlega ekki í boði.

Vodafone

Tímaritið

Vetur 2013

Stafrænt
uppeldi

LESA

GALLERÍ





Flugslys í Laos

Lík 49 farþega í flugvél Lao Airlines voru dregin upp úr Mekong-ánni í Laos um liðna helgi eftir að flugvélin brotlenti í ánni. Slysið er mannskæðasta flugslys í sögu landsins. Straumur árinna hefur að öllum líkindum borið lík margra farþega um langan veg. Lík eins farþegans fannst marga kílómetra í burtu.

Mynd: AFP





Öllum brögðum beitt

Skógareldarnir Nýju Suður-Wales í Ástralíu hafa nú geisað í viku. Slökkviliðsmenn bera grímur til að forðast eitrun af völdum reyksins sem kaffært hefur stærstu borgir á suðausturströnd Ástralíu. Þannig var Sydney hulin reykmistri þegar vindur stóð frá eldsvæðunum. Í tilraun til að hafa stjórn á eldunum á meðan veðuraðstæður versna voru tveir skógareldar sameinaðir í einn.

Mynd: AFP





Að hruni kominn

Turn moskunnar í Pidie í Aceh-héraði Indónesíu var að hruni kominn eftir að jarðskjálfti af stærðinni 5,6 reið þar yfir á miðvikudag. Yfirvöld þar segja hundruð heimila hafa skemmst í skjálftanum en að íbúarnir hafi sloppið. Aðeins fáeinir hlutu smávægilega áverka. Börnin á myndinni velta turninum fyrir sér og sjá að öllum líkindum aðra hlið hans eftir skjálftann.

Mynd: AFP





Sorg í Sýrlandi

Móðir syrgir son sinn eftir að hann féll í átökum gegn sýrlenska stjórnarhernum í norðurhluta landsins á föstudag. Sýrlandsstjórn sneri sveitum sínum frá héruðum Kúrda á miðju síðasta ári en Kúrdar hafa verið tregir til að taka afstöðu í borgarastríðinu. Þó hafa þeir stöku sinnum barist með uppreisnarmönnum til þess að skapa hlutlaus svæði í héruðum sínum.

Mynd: AFP





Fórnarlömbin jarðsugnin

Pennan mann þurfti að hemja þegar hann sótti jarðarför tveggja ungra stúlkna og tveggja fullorðinna í Kaíró í Egyptalandi á mánudag. Hin látnu höfðu sótt brúðkaup í sömu kirkju kvöldið áður en fallið í kúlnahríð. Sautján aðrir særðust í árásinni á kirkjugestina. Stúlkurnar voru átta og tólf ára.

Mynd: AFP





N1 KORTIÐ

Árið 2012 söfnuðust
190 milljónir
punkta

Komum af stað!

N1



Þau unnu keppnina... í pólitík

Hrun fjármálakerfisins fyrir rúmum fimm árum hafði gríðarlega mikil áhrif á landslag stjórnmalanna. Þessi fimm ár hafa einkennst af mikilli hörku og sögulegum sviptingum, bæði á sveitarstjórnarstigi og á vettvangi landsmálanna. En hverjir eru það sem geta talist vera sigurvegarar þessa merka tímabils á vettvangi stjórnmalanna, með úrslit kosninga til hliðsjónar? Kjarninn rýndi í stöðuna og valdi fimm mestu sigurvegarana.

STJÓRN MÁL

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is





Ólafur Ragnar Grímsson varð sjötugur 14. maí síðastliðinn,

skömmu eftir að hann hafði fært Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra umboð til þess að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Það gerði Ólafur að yfirlögðu ráði og kynnti ákvörðun sína með formlegum rökstuðningi á blaðamannafundi. Það var ekki augljóst að Framsóknarflokkurinn fengi umboðið, í ljósi þess að Sjálfstæðisflokkurinn fékk flest atkvæði í alþingiskosningunum. Umboðið til stjórnarmyndunar fékk Framsóknarflokkurinn ekki síst á grundvelli loforðs um skuldaniðurfellingar á fasteignaveðlánunum í tengslum við samninga við erlenda krónueigendur, kröfuhafa í bú bankanna þar á meðal. Með þessari ákvörðun hafði Ólafur Ragnar afgerandi áhrif á pólitíska landslagið hér á landi. Framsóknarflokkurinn fékk byr í seglin, sem eftir Icesave-málið var mikill fyrir. Þar var Ólafur Ragnar mikill áhrifavaldur með því að vísa Icesave-deilunni í þjóðaratkvæðagreiðslu í tvígang. Þjóðin neitaði í bæði skiptin að samþykkja samninginn sem fyrir lá. Í seinna skiptið, eftir að Ólafur Ragnar hafði neitað að samþykkja frumvarpið og vísað í atkvæðagreiðslu, höfnuðu tæplega 60 prósent Icesave-samningnum en 40 prósent vildu samþykkja. Málið var margslungið og voru skoðanir stjórnámálanna þvert á flokkslínur. Tveimur árum eftir þessa niðurstöðu var Ólafur Ragnar endurkjörinn forseti Íslands, eftir sextán ár í embætti. Hann fékk 52,8 prósent atkvæða en Þóra Arnórsdóttir, helsti mótframbjóðandi hans, 33,2 prósent. Í byrjun árs 2013 sýknaði EFTA-dómstólinn Ísland af kröfum um ríkisábyrgð á Icesave-innlánunum. Sú niðurstaða var mikill sigur fyrir afstöðu Ólafs Ragnars í málinu, þótt óvissa hafi ríkt um það hver niðurstaða dómstólsins yrði og því gat brugðið til beggja vona.

Ólafur Ragnar hefur haldið áfram að hafa mikil áhrif á pólitískt landslag með því að tala mjög eindregið fyrir því að Ísland marki sér stefnu í málefnum norðurslóða frekar en að ganga í Evrópu-sambandið. Þessi stefna virðist vera leiðarstefið í utanríkispólitík ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem nú þegar hefur lagt af samninganefnd Íslands um inngöngu í Evrópu-sambandið og fryst aðildarviðræðurnar. Spor Ólafs Ragnars í þessari atburðarás eftir hrunið, með Icesave-atkvæðagreiðslunum, endurkjöri hans og myndun nýrrar ríkisstjórnar – sem er með hugðar efni hans að mörgu leyti í fararbroddi – eru djúp og til marks um hversu slunginn stjórnámálamaður hann er. Þrátt fyrir að vera afar umdeildur.



2

Jón Gnarr varð borgarstjóri eftir sveitarstjórnarkosningarnar árið 2010 þar sem Besti flokkurinn kom, sá og sigraði í Reykjavík. Þrátt fyrir yfirlýst markmið um enga stefnu og að öll kosningaloforð yrðu svikin hefur ekkert bitið á Jón Gnarr og Besta flokkinn samkvæmt skoðanakönnunum. Síðustu mælingar Capacent benda til þess að flokkurinn sé með 37 prósent fylgi, tæplega fjórum prósentustigum meira en þegar hann vann sögulegan kosningasigur. Oft hafa öll spjót beinst að Jóni Gnarr í umræðum borgarfulltrúa í Ráðhúsinu við tjörnina en þrátt fyrir það er pólitísk staða Jóns Gnarr, nú tæplega hálfu ári fyrir kosningar, ógnarsterk. „Heimsyfirráð eða dauði,“ sagði hann á Facebook-síðu sinni í byrjun vikunnar. Andstæðingar hans eiga ekki auðvelt verk fyrir höndum í kosningunum næsta vor, svo mikið er víst.



Eignastýring MP banka

ÁSKORUNUM FYLGJA TÆKIFÆRI

Kynntu þér framúrskarandi þjónustu
sérfræðinga eignastýringar MP banka
og fáðu kynningarfund.

Nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir
og verðskrá á www.mp.is eða í síma 540 3230.

mpbanki



3

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra varð formaður Framsóknarflokksins í janúar 2009, þremur mánuðum eftir hrun fjármálakerfisins, þá 33 ára gamall. Hann kom eins og þruma úr heiðskíru lofti inn í íslensk stjórnsmál og hafði mikil og víðtæk áhrif á stjórnsmálalandslagið strax nokkrum mánuðum eftir að hann varð formaður Framsóknarflokksins. Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna tók við völdum og var hún varin falli af Framsóknarflokki fram að því að fyrsta vinstri stjórnin var mynduð. Sigmundur Davíð var harður stjórnarandstæðingur í tíð vinstri stjórnarinnar og talaði fyrir bráða- aðgerðum sem sneru að skuldavanda heimila. Þær þyldu enga bið, skjaldborg um heimilin væri hvergi sjáanleg. Smátt og smátt þéttust ráðirnar hjá Framsóknarflokknum. Icesave-málið var helsta baráttumál Sigmundar Davíðs á þinginu og eftir því sem á leið var það málið sem markaði veginn fyrir flokkinn þegar nær dró kosningabaráttunni fyrir kosningarnar í vor. Með henni tókst Sigmundi Davíð að gera skuldamál heimilanna að aðalatriði, með því að lofa leiðréttingu á verðbólgu skotinu í kjölfar hrunsins og þar með lækkun verðtryggðra fasteingaveðlána. Sigmundur Davíð varð í kjölfar kosninganna forsætisráðherra, eins og öllum Íslendingum er ljóst, eftir frækinn kosningasigur Framsóknarflokksins. Á undraskömmum tíma, á sögulegum tímum, varð Sigmundur Davíð að valdamesta stjórnsmálamanni Íslands.



4

Vigdís Hauksdóttir er ekki í uppáhaldi hjá öllum, svo mikið er víst. Hún er raunar umdeild í sínum eigin flokki, Framsóknarflokknum, alveg eins og öllum hinum flokkunum. En framganga hennar og helstu baráttumál hafa orðið ofan á í kosningum eftir hrunið og einörð afstaða hennar í þeim, og oft hörð orðræða á vettvangi fjölmiðla, hefur gert hana að áhrifamiklum stjórnmálamanni. Segja má að helstu baráttumál séu andstaða við Evrópusambandið, andstaða við Icesave, leiðrétting á skuldum heimilanna og síðan hörð afstaða gegn vinstriflokkunum, einkum Samfylkingunni. Í fljótu bragði kann að vera erfitt að sjá að þetta séu atriði sem geri Vigdísu að einum farsælasta stjórnmálamanni landsins eftir hrunið, en þannig er það nú samt. Í kosningunum í vor kaus almenningur með þessum helstu stefnumálum, sem Vigdís hefur endurómað linnulítið alveg frá því að hún tók sæti á Alþingi eftir hrunið. Vigdís er nú í lykilhlutverki á Alþingi sem formaður fjárlaganefndar Alþingis.





5

Verið góð.“ Þannig lauk Óttarr Proppé stefnuræðu sinni á

Alþingi eftir að hafa tekið sæti fyrir Bjarta framtíð. Ræðan vakti mikla athygli og aðdáun fyrir frumlega nálgun en um leið hárbetta gagnrýni og pólitíska stefnumörkun.

„Forsendubresturinn er víða,“ sagði Óttarr. Hann sagði jafnframt alla Íslendinga hafa orðið fyrir áhrifum af verðbólguþykningu í kjölfar hrunsins. Enginn hópur ætti að vera undanskilinn ef fara ætti í almennar „leiðréttingaraðgerðir“. Óttarr var áhrifamikill í starfi Besta flokksins fram að því að hann tók sæti á Alþingi fyrir hönd Bjartrar framtíðar. Um leið og hann er augljós tenging á milli Besta flokksins og Bjartrar framtíðar – sem er mikilvægara en margir halda – hefur hann áunnið sér þverpólitískt traust með framgöngu sinni á sviði borgarmálanna og nú einnig í upphafi nýs þings. Þá skemmir ekki fyrir að hann er jarðbundinn þungarokkari, vinur litla mannsins sem sagt. Þegar hann er ekki í fréttunum að tjá sig málefnalega um stjórnsmál kemur hann reglulega fram og öskrar af öllum lífs og sálar kröftum með HAM eða Dr. Spock.

Landsvirkjun er með gull í Jafnlaunaúttekt PwC

Landsvirkjun hefur fengið gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC. Hjá fyrirtækinu hafa konur að jafnaði örlítið hærri fóst laun en karlar á meðan heildarlaun karla eru ögn hærri. Munurinn er langt innan þeirra 3,5% marka sem krafist er til að fyrirtæki hljóti gullmerkið.

Konum hefur fjölgað í stjórnunar- og sérfræðistörfum hjá Landsvirkjun á undanförmum árum. Við erum stolt af þeim árangri sem markviss jafnréttisstefna hefur skilað og vinnum áfram að því að bjóða konum jafnt sem körlum samkeppnishæft og lifandi starfsumhverfi.





Það gæstar um Lars Løkke Rasmussen



Lars Løkke Rasmussen, formaður Venstre-flokksins og fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, þekkir sennilega ekki íslenska orðatiltækið „skjótt skipast veður í lofti“. Þetta orðatiltæki á hins vegar sannarlega við um forsætisráðherrann fyrrverandi og flokk hans, en í Danmörku hefur geisað sannkallað fjölmiðlafár að undanfögnu vegna ferðakostnaðar Lars Løkke á vegum samtaka þar sem hann gegnir stjórnarformennsku. Margir flokksmenn óttast að þessi neikvæða umræða skaði flokkinn í sveitarstjórnarkosningum sem fram fara í næsta mánuði, en fylgi við flokkinn hefur dalað að undanfögnu.

Þótt Lars Løkke Rasmussen yrði að standa upp úr forsætisráðherrastólnum eftir þingkosningarnar 15. september í hitteðfyrra vegnaði Venstre-flokknum vel í kosningunum; bætti við sig einum manni og er stærsti flokkurinn á danska þinginu, Folketinget, með 47 þingmenn. Fylgishrun hins stjórnarflokksins, Konservatíva, og Dansk Folkeparti (Danska þjóðarflokksins), stuðningsflokks stjórnarinnar, varð hins vegar til þess að stjórnarsamstarfinu var lokið. Hjá núverandi stjórnarflokkum, undir forystu Helle Thorning-Schmidt, hefur lífið ekki verið dans á rósum og skoðanakannanir benda til að stjórnarflokkarnir eigi ekki minnstu möguleika á endurkjöri í næstu kosningum, árið 2015. Allt hefur hins vegar gengið Venstre í hagin og formaðurinn Lars Løkke Rasmussen borið höfuð og herðar yfir aðra flokksformenn hvað vinsældir varðar. Ekki eru skýringarnar á vinsældum formannsins þær að hann hafi verið áberandi í þinginu. Þvert á móti. Hann steig ekki í ræðustól þingsins í 692 daga samfelld og andstæðingar hans sögðu að Venstre væri búíð að finna leið til að auka vinsældir sínar. Því lengur sem Lars Løkke léti ekki í sér heyra, þeim mun vinsælli yrðu hann og flokkurinn.

En skjótt skipast veður í lofti

Fyrir þrem vikum skýrði Ekstra Bladet frá því að Lars Løkke Rasmussen hefði flogið fimmtán sinnum á vegum samtakanna Global Green Growth Institute, GGGI, síðan hann tók þar við stjórnarformennsku í fyrra. GGGI var í fyrra breytt í alþjóðlega



GAMALL FLOKKUR Í BREYTTU LANDSLAGI

Venstre-flokkurinn varð til 1870, hét þá Det Forenede Venstre og var stofnaður til mótvægis við Højre-flokkinn (heitar nú Det Konservative Folkeparti). Félagar í Det Forenede Venstre voru fyrst og

fremst bændur. Nafnið Venstre var tekið upp árið 1910. Flokkurinn skilgreinir sig sem frjálslyndan hægriflokk og er í dag forystuflokkur stjórnarandstöðunnar.

stofnun en samtökin að baki henni voru stofnuð í Suður-Kóreu árið 2010 og eru höfuðstöðvarnar í Seúl. GGGI-stofnuninni er ætlað að styðja við efnahagsþróun í fátækari löndum heims þar sem jafnframt skal gætt umhverfisverndarsjónarmiða, en starfsemin er fjármögnuð með framlögum frá 18 ríkjum. Meðal annars leggur danska ríkið samtökunum árlega til 90 milljónir danskra króna (tæplega tvo milljarða íslenskra króna). Það voru þó ekki ferðirnar fimmtán sem slíkar sem athygli Ekstra Blaðsins, og í kjölfarið allra annarra danskra fjölmiðla, beindist að, heldur hitt að forsætisráðherrann fyrrverandi hafði í níu ferðum af áður nefndum fimmtán flogið á dýrasta farrými sem völ er á, svonefndu fyrsta farrými. Danskir ráðherrar, forsætisráðherrann þar meðtalinn, fljúga á næstdýrasta farrými, sem kallast business class. Farmiðarnir fimmtán hafa kostað um það bil 900 þúsund danskar krónur (tæpar 20 milljónir íslenskar).

Frétt Ekstra Bladet 5. október vakti gífurlega athygli. Daginn eftir, á landsfundi Venstre, var Lars Løkke spurður um flugmiðana. Hann svaraði því til að öllum reglum hefði verið fylgt en neitaði að svara fleiri spurningum varðandi málið. Nokkrum dögum síðar sagði Lars Løkke að reglunum um farmiðakaup hefði verið breytt, að sínu frumkvæði. Það fyrirkomulag að stjórnendur „gamla“ GGGI ferðuðust á fyrsta farrými væri asískur siður og hann hefði því miður verið of seinn að átta sig á að þetta væri ekki í lagi og samræmdist ekki því sem tíðkaðist í Evrópu, það hefði sér átt að vera ljóst strax í upphafi.

„Farmiðamálið“, eins og það er kallað, hefur síðan verið eitt helsta umfjöllunarefni danskra fjölmiðla, sem heimtuðu strax að Lars Løkke gerði hreint fyrir sínum dyrum og birti ferðareikninga sína, en auk flugmiðanna kröfðust fréttamenn þess að hann legði jafnframt fram reikninga vegna hótela og veitingastaða sem hann hefði notað á ferðum sínum á vegum samtakanna. Sjálfur var Lars Løkke þögull sem gröfin dögum saman en nokkrir úr innsta hring Venstre á þinginu töluðu máli hans í fjölmiðlum, sögðu meðal annars að GGGI væru alþjóðleg samtök og þess vegna mætti ekki leggja fram reikninga vegna ferðalaganna. Einn þingmanni Venstre líkti GGGI við Sameinuðu þjóðirnar og sagði að engum dytti í hug að krefja

UM LARS LØKKE RASMUSSEN

Lars Løkke Rasmussen er fæddur í Vejle á Jótlandi 15. apríl 1964 og er lögfræðingur að mennt.

Var fyrst kjörinn á þing 1994, innanríkis- og heilbrigðisráðherra 2001–2007, fjármálaráðherra 2007–2009. Forsætisráðherra 2009–2011.

Stjórnarformaður GGGI frá 2012.

Eiginkona Lars Løkke er Sólrun Jákupsdóttir og eiga þau þrjú börn.

framkvæmdastjóra þeirra um ferðareikninga. Fréttamenn sögðu þessa samlíkingu úti í hafsauga. Á endanum tilkynnti Lars Løkke að hann myndi halda fréttamannafund sunnudaginn 20. október. Fjölmennt var á fundinum, sem sagður er lengsti fréttamannafundur sem haldinn hefur verið í landinu, stóð í þrjá og hálfan klukkutíma fyrir utan hlé. Fyrir fundinn fengu fréttamenn afhent ljósrit af ferðapappírnum Lars Løkke, 206 síður.

Fréttamannafundurinn var tvískiptur; í fyrri hluta hans sátu, auk Lars Løkke, tveir yfirmenn GGGI fyrir svörum. Fréttamenn drógu þá ályktun af því sem þar fór fram að fjármál og stjórnun GGGI hefði verið afar laus í reipunum og óskipuleg þótt nú hefði orðið þar breyting á. Fram kom að GGGI hefði greitt farmiða fyrir dóttur Lars Løkke frá Bandaríkjunum til Rio de Janeiro í Brasilíu og þaðan til Kaupmannahafnar, sem kostað hefði 27 þúsund danskar krónur (600 þúsund íslenskar). Lars Løkke sagði að löngu hefði verið ákveðið að hann færi að hitta dóttur sína, sem hefði verið skiptinemi í Bandaríkjunum. Hann hefði orðið að breyta þeim áætlunum vegna fundar í Rio og það hefði orðið úr að dóttirin kæmi þangað og þau svo orðið samferða heim til Danmerkur. Á fréttamannafundinum fór mikill tími í að ræða þetta mál og fréttamenn þráspurðu um ástæður þess að GGGI borgaði flugmiða dótturinnar. Lars Løkke sagði að GGGI hefði borgað miðann en vegna misskilnings hefði upphæðin ekki verið dregin frá greiðslum til sín, eins og ætlunin hefði verið. Ekki tóku allir fréttamenn þessar skýringar gildar og einhverjir þeirra sögðu sem svo að það væri undarlegt heimilisbókhald þar sem enginn tæki eftir 27 þúsund króna skekkju.

Lars Løkke var aftur og aftur spurður hvort hann hygðist endurgreiða hluta fargjaldsins (mismuninn á 1. farrými og viðskiptafarrými). Hann svaraði því aldrei beint en sagði að hann hefði ekki átt frumkvæði að þessu fyrirkomulagi og að enginn innan GGGI hefði farið fram á að hann greiddi þennan mismun.

Ekki eru stjórnmalaskýrendur á eitt sáttir um frammistöðu Lars Løkke á fundinum. Sumir þeirra segja að hann hafi í heildina komist vel frá fundinum, lagt sig fram um að svara

NOKIA LUMIA 1020
41 MEGAPIXLAR
CARL ZEISS LINSA

NOKIA
Windows Phone

LANGBESTA
MYNDAVÉLIN
Í SNJALLSÍMUM



öllum spurningum, sumum margoft. Aldrei hafi orðið vart við þann pirring sem fréttamenn urðu iðulega vitni að hjá Lars Løkke í ráðherratið hans, einkum á forsætisráðherratímabilinu. Aðrir segja að þrátt fyrir að hann hafi sagt orðið beklage (harma) 46 sinnum á fundinum hafi hann í raun aldrei beðist afsökunar á því sem gerðist, látið duga að biðja féлага í Venstre afsökunar á því að hafa skaðað flokkinn.


Stjórnmalaskýrendurnir segja líka að þessu máli sé langt í frá lokið, nú muni margir leggjast yfir pappírana sem fréttamenn fengu í hendur fyrir fundinn með Lars Løkke og alls óvíst sé að öllum spurningum hafi verið svarað.

Í tengslum við þetta hefur margoft verið rifjað upp að vorið 2008 kom fram að Lars Løkke, sem þá var fjármálaráðherra, hefði látið ráðuneytið og opinbera sjóði borga gistingu á hótelum, sigarettur, leigubíla, mat og vín á veitingastöðum og fleira í þeim dúr, bæði sem ráðherra og borgarstjóri í Frederiksborgaramti (1998–2001). Upphæðin var samtals 800 þúsund danskar krónur (tæplega 18 milljónir íslenskra króna). Þrátt fyrir mikið fjölmiðlafár hélt Lars Løkke ráðherrastólnum og tveimur árum síðar tók hann við forsætisráðherraembættinu af Anders Fogh Rasmussen og jafnframt formennsku í Venstre-flokknum.

Eftir uppákomuna 2008 sagði Lars Løkke að hann hefði lært mikið af þessu máli og myndi gæta sín á að gera ekki slík mistök aftur.

Andstæðingar Lars Løkke segja nú að því miður líti ekki út fyrir að hann hafi lært neitt. „Þessi maður getur aldrei stillt sig um að teygja sig í kökudósina,“ sagði einn þeirra í sjónvarpsfréttum síðastliðið sunnudagskvöld.

Enn er of snemmt að segja til um hvort allt þetta fjaðrafok skaði Venstre. Samkvæmt nýjum skoðanakönnunum hefur fylgi flokksins minnkað að undanförunu en hvort fundurinn langi breytti einhverju í þeim efnum er ekki komið í ljós. Sveitarstjórnarkosningar fara fram í Danmörku 19. nóvember næstkomandi.



Myndbandagerð blómstrar á Íslandi

TÓNLIST

Benedikt Reynisson

Gróska og gæði í gerð tónlistarmyndbanda á Íslandi hefur stigmannast á þessari öld. Það færir sífellt meira í vöxt að tónlistarmyndbandinu er gert hærra undir höfði og að það fái þá lotningu sem það á skilið. Nú eru að minnsta kosti tvær verðlaunahátíðir farnar að verðlauna bestu tónlistarmyndböndin og er því tekið fagnandi. Árið 2012 tóku Íslensku tónlistarverðlaunin upp á því eftir margra ára hlé að verðlauna tónlistarmyndbönd og í næsta mánuði verður kvikmyndahátíðin Northern Wave Film Festival



Retro Stefson
She Said

Leikstjóri:
Einar Baldvin Arason
Framleiðsla:
Pegasus Pictures



Who Knew
Echoes

Leikstjóri:
Einar Baldvin Arason
Framleiðsla:
Pegasus Pictures

haldin í sjötta skiptið og hefur sú hátíð ávallt sett tónlistarmyndbandið á háan stall.

Af hverju er þessi gróska í framleiðslu á tónlistarmyndböndum á Íslandi? Kannski er engin ein sérstök ástæða fyrir þessu en það er sannarlega áhugavert að velta þessu fyrir sér. Helstu tvær ástæðurnar eru líklega að með hraðri þróun í stafrænni tækni og tækjabúnaði er orðið ódýrara að framleiða myndband en það var fyrir rúmum áratug. Það er ekki lengur þörf á því að kaupa rándýrar filmur og framköllun á þeim eins og tíðkaðist áður fyrr. Önnur ástæða fyrir þessari þróun er að með tilkomu samfélagsmiðla á borð við Facebook, Twitter, Youtube og Vimeo er tónlistarmyndbandið orðið gríðarlega sterkt tól í markaðssetningu fyrir bæði litla og stærri tónlistarmenn og kvikmyndargerðarmenn.

Eru einhverjir að ríða feitum hesti á að framleiða tónlistarmyndbönd hér á landi og af hverju er almennt verið að standa í því að gera þau? Viðmælendur Kjarnans sem þekka vel til málaflokksins gáfu yfirleitt svör á svipaða vegu. Ármann Ingvi Ármannsson er tónlistarmaður sem hefur gert þó nokkur tónlistarmyndbönd með hljómsveit sinni, Who Knew. Ármann hefur einnig starfað sjálfstætt hjá framleiðslufyrirtækjum og auglýsingastofum og hefur meðal annars komið að framleiðslu á tónlistarmyndböndum fyrir hljómsveitir á borð við Retro Stefson. Hann segir að iðulega sé framleiðslukostnaður á tónlistarmyndbandi mjög lítill.

„Flestir sem eru að gera tónlistarmyndbönd þurfa að nýta sér vinargreiða og fá allan búnað að láni. Ef það er einhver framleiðslukostnaður af viti er hann yfirleitt greiddur af útgáfufyrirtækjum. Þeir sem eru að vinna að myndböndunum nota þau til að efla tengsl sín í kvikmyndageiranum og til þess að skapa sér nafn í kvikmyndatökum.“ Ármann segir að góður framleiðandi sé sá sem láti dæmið allt ganga upp og að útgáfu- og framleiðslufyrirtækin séu þeir aðilar sem sjái mestan pening í þessari framleiðslu: „Þetta veltur allt á því að vera með góðan framleiðanda sem kann að nýta vinargreiðana. Peningurinn í þessum bransa liggur yfirleitt hjá fyrirtækjunum sem bjóða ungum hljómsveitum og tónlistar





Sin Fang
Slowlights (Non Album
Version)

Leikstjóri:
Máni M. Sigfússon



Sóley
Pretty Face

Leikstjóri:
Máni M. Sigfússon

mönnum samninga sem þeir skilja ekkert í og sitja svo uppi með ágóðann eftir þrotlausa vinnu listamannsins sem kann yfirleitt ekkert fyrir sér í þessari hlið mála. Þetta gera bæði lítil og stór fyrirtæki.“ Ármann segir það vera vissan kost að vera samningsbundinn stærri fyrirtækjum: „Risarnir geta lagt meiri pening í markaðssetningu á nýjum listamönnum, sem oftar en ekki skapar þeim fleiri og stærri tækifæri.“

Ísland er lítið land og flestir þekkja einhvern eða einhvern sem þekkir einhvern og er það oft ansi góður kostur þegar það þarf að henda í eitt tónlistarmyndband. Sindri Már Sigfússon er einn afkastamesti og frumlegasti tónlistarmaðurinn af yngri kynslóðinni. Sindri fór áður fyrir hljómsveitinni Seabear, sem hefur legið í dvala í nokkur ár, og situr hann sjaldan eða aldrei með hendur í skauti. Í dag starfrækir hann hljómsveitina Sin Fang, sem nú hefur sent frá sér þrjár breiðskífur hjá þýska útgáfufyrirtækinu Morr Music. Sindri hefur látið gera fjöldann allan af tónlistarmyndböndum fyrir Sin Fang og hefur þeim flestum verið leikstýrt af yngri bróður hans, Mána M. Sigfússyni, sem er orðinn töluvert eftirsóttur í dag og hefur gert myndbönd fyrir flytjendur á borð við Múm, FM Belfast og Sóley.

Sindri segir að kostnaðurinn við framleiðslu á tónlistarmyndböndum hans hafi lækkað á síðustu árum: „Fjárhagsáætlanir fyrir þau myndbönd sem við höfum verið að gera í dag gera ráð fyrir því að myndband kosti um það bil eitt þúsund evrur. Fyrir örfáum árum vorum við að eyða meira í þetta.“ Spurður hvort mikið sé upp úr þessu að hafa segir hann að Máni hafi nóg að gera en nái kannski ekki að lifa af þessu. Eiginkona Sindra, Ingibjörg Birgisdóttir myndlistarkona, hefur gert nokkur myndbönd fyrir hann sem og fyrir tónlistarfólk á borð við Sigur Rós og Sóley. Sindri segist alltaf leita til þeirra tveggja þegar hann geri myndbönd og tekur glettilega fram að það séu ekki háar fjárhæðir sem fari á milli í þessum geira: „Ég myndi ekki bjóða neinum sem ég er ekki skyldur upp á svona lítinn pening.“ Hann bætir svo við að Ingibjörg fáiast við ýmis önnur verkefni í myndlist þegar hún sé ekki að gera tónlistarmyndbönd.





Sigur Rós
Varúð

Leikstjóri:
Ingibjörg Birgisdóttir

Fleiri nýta sér vinskap hér á landi og samkvæmt framkvæmdastýru kvikmyndahátíðarinnar Northern Wave Film Festival, Daggar Mósesdóttur, eru þó nokkrir ungir og afkastamiklir leikstjórar að fást við myndbandagerð í dag en ekki beint að hafa mikið meira en ástina á þessu listformi upp úr þessu. Hún nefnir þau Ingibjörgu og Mána í þessu tilviki, sem og leikstjórana Einar Má Baldvinsson og Helga Jóhannsson. Einar Már hefur gert myndbönd fyrir Retro Stefson og Who Knew og Helgi hefur gert myndbönd fyrir Diktu, Tilbury og Árstíðir. Báðir eiga þeir vini í hljómsveitum sem þeir hafa gert myndbönd fyrir og eiga það sameiginlegt að fleyta sér áfram með annarri vinnu eða vcra í námi. Myndbönd þeirra eru þó í háum gæðaflokki þrátt fyrir tíma- og peningaburrð. Hæfileikar ungra íslenskra kvikmyndagerðarmanna hafa skapað þeim verkefni erlendis og hefur Helgi leikstýrt myndbandi fyrir austurrísku söngkonuna Saint Lu, sem keppti fyrir hönd Þýskalands í Eurovision í ár.



Saint Lu
Craving

Leikstjóri:
Helgi Jóhannsson
Framleiðsla:
Illusion

Fleiri kvikmyndagerðarmenn hafa verið að gera fína hluti á erlendri grundu og má nefna framleiðsluteymið Árni & Kinski sem hefur gert myndbönd fyrir ekki ómerkari tónlistarmenn en Florence & The Machine, Beth Orton, Snow Patrol og Placebo auk þó nokkurra myndbanda Sigur Rósar. The Weird Girls Project hefur gert myndbönd fyrir marga innlenda tónlistarmenn og má þar nefna Imogen Heap og Crookers. Reyndari kvikmyndagerðarmenn á borð við Reyni Lyngdal og Erlend Sveinsson hafa nýlega leikstýrt myndböndum með ungum íslenskum tónlistarmönnum; Retro Stefson og Ylju. Aðrir starfandi leikstjórar henda annað slagið í myndbönd og má þar nefna þau Árna Þór Jónsson, Ellen Loftsdóttur, Árna Sveinsson og Heimi Sverrisson. Tónlistarmenn á borð við FM Belfast, Ghostigital, Just Another Snake Cult og Pétur Ben gera sín eigin myndbönd og svo má lengi áfram telja. Það er heljarinnar gróska í gangi og ekki vantar ástríðu né skapandi hugsun í þessum málum. Því ber að fagna.



Áskriftin
vinnur
fyrir þig!

EKKI MISSA AF MILLJÓNUM

TRYGGDU ÞÉR ÁSKRIFT Á LOTTO.IS

EURO
JACKPOT

- FÖSTUDAGUR TIL FJÁR -

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | ★ |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | ★ |
| 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | ★ |
| 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | ★ |
| 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | ★ |
| | 27 | 28 | 29 | 30 | ★ |



Að minnsta kosti 10 prósenta hækkun

KJARASAMNINGAR

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Deildu með
umheiminum

Útlit er fyrir að Félags framhaldsskólakennara muni gera kröfu um að minnsta kosti tíu prósentu hækkun á heildarlaunum í næstu kjarasamningum, en núgildandi samningar renna út 30. janúar næstkomandi. „Launin þurfa að hækka. Við höfum dregist mjög aftur úr og nýlegar samantektir á upplýsingum um launaþróun samanburðarhópa okkar sýna það,“ segir Álfheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Mynd á fremri síðu Hagsmunir nemenda

Nemendur á framhaldsskólastigi eru um 30 þúsund talsins og munu í versta falli þurfa að mæla göturnar ef til verkfalls kemur.



Skýrsla samstarfs-
nefndar vegna
kjarasamninga

BHM

Félag framhaldsskólakennara er nú í fundaherferð í framhaldsskólum landsins, en til stéttar framhaldsskólakennara teljast um 1.800 manns. Framhaldsskólar landsins eru á forræði íslenska ríkisins, ólíkt grunn- og leikskólum, og því eru hagsmunir í húfi fyrir ríkið sem geta haft veruleg áhrif á ríkisfjármálin. „Kröfur okkar eru algjörar lágmarkskröfur og við munum ekki gefa neitt eftir hvað þær varðar. Það er alveg öruggt,“ segir Álfheiður. Hópurinn sem framhaldsskólakennarar bera sig saman við í kjarasamningum er félagar í Bandalagi háskólamanna (BHM). Álfheiður segir að framhaldsskólakennarar hafi byrjað að dragast aftur úr þeim hópi í launum árið 2003 og undanfarin árin hafi sú þróun haldið áfram. „Dagvinnulaun framhaldsskólakennara eru um sautján prósentum lægri en hjá samanburðarhópnum í BHM og það er allt of mikið. Upplýsingar sem teknar voru saman í skýrslu nýverið, Í aðdraganda kjarasamninga – efnahags-umhverfi og launaþróun – sýna að það sem við höfum sagt undanfarin ár hvað þróun launa framhaldsskólakennara varðar er rétt. Þess vegna geri ég fastlega ráð fyrir að það verði fullur skilningur á kröfum okkar og að við þeim verði orðið,“ segir Álfheiður.

Samstarf

Með samkomulagi frá 11. júní í sumar stofnuðu stærstu aðilar á vinnumarkaði Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Að nefndinni standa fern heildarsamtök launafólks, það er ASÍ, BSRB, BHM og KÍ, og vinnuveitendamegin SA, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Í skýrslu sem byggð er á vinnu nefndarinnar er ítarlega fjallað um launaþróun og forsendur kjarasamninga. Álfheiður segir þessar upplýsingar mikilvægar til þess að glöggva sig á stöðu mála fyrir þá vinnu sem er fram undan.

Mikil verðbólga

Í skýrslu samstarfsnefndarinnar kemur fram að verðbólga

„Kröfur okkar eru algjörar lágmarkskröfur og við munum ekki gefa neitt eftir hvað þær varðar. Það er alveg öruggt.“

Álfheiður SteingrÍmsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara

hafi að jafnaði verið 6,9 prósent á ári á tímabilinu 2006 til 2013. Hækkun vísitölu neysluverðs, það er verðbólgu, á fyrrnefndu tímabili nemur 54,6 prósentum frá nóvember 2006 til maí 2013. Í skýrslunni segir orðrétt:

„Þessu tímabili má skipta í þrennt; aðdragandi hruns (2006 og 2007), hrunið (2008-2010) og eftir hrún (2011-2013). Á fyrsta tímabilinu hækkaði húsnæðisverð að raungildi og ýtti undir verðbólgu, en hátt gengi krónunnar hélt niðri verðhækkunum á innfluttum neysluvörum. Gengi krónunnar féll mikið þegar á fyrri hluta árs 2008 og sú hrina stóð fram eftir ári 2009. Árin 2008 til 2009 voru verðhækkanir á innfluttum vörum leiðandi í verðbólgunni, en húsnæðisliðurinn vóg á móti árin 2009 og 2010. Verðbólgan fór í miklar hæðir, eða tæp 19% þegar mest var. Frá 2010 hafa innlendar vörur (án búvöru og grænmetis) hækkað um 13% og til muna meira en innfluttar vörur (án áfengis og tóbaks) sem hafa hækkað um 8,3%. Verðlækkun húsnæðis hefur einnig stöðvast og raunverð húsnæðis farið hækkandi það sem af er ári 2013.“

Undirbúningur fyrir viðræður vegna kjarasamningsgerðar hefur staðið yfir undanfarna mánuði og vikur. Viðmælendur Kjarnans innan ýmissa stéttarfélaganna og samtaka segja að blikur séu á lofti og ekki sé ólíklegt að til verkfalla geti komið, einkum hjá kennarastéttunum. Í tilfelli framhaldsskólanna eru miklir hagsmunir í húfi enda eru nemendur í framhaldsskólum hér á landi í kringum 30 þúsund talsins samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

VÍSINDADAGAR

VATN - FLJÓTANDI UNDIR

15.-29. OKT.



SMÁRALIND

Góða skemmtun



Jeppi á Fjalli

Kaffærð klassík

LEIKLIST
Kristrún Heiða
Hauksdóttir

Jeppi á Fjalli er titill úr leiklistarsögunni sem ég er alls ekki viss um að eigi mikið erindi til nútímans. Sagan er af byttunni sem er blekkt til þess að halda að hún sé sjálfur baróninn. Jeppi er sjarmerandi ónyttjungur sem er kúgaður og beittur ofbeldi af konunni sinni og áhorfendur hlæja að/með honum – últrasósuðum og arðrændum aumingja. Í þessari uppfærslu er hann óvenju orðhagur, eins og andsetinn af Kolbeini kaffeini, því það vella upp úr honum stuðlaðar úthrópanir um menn og málefni og svo brestur á með söng. Heljarmiklum söng reyndar en einsleitum í texta og takti.

Hélt ekki athygli

Á pappírnum hefur þessi uppfærsla allt til brunns að bera. Þarna eru dúndurstjörnur og valið fólk í hverju rúmi, margverðlaunað lið og þrautreynt. Sýningin hélt ekki athygli minni og hugurinn leitaði fremur til þess sem ég hef séð eftir þessa ágætu aðstandendur áður. Sem er oft mikið gæðastöff. Ég hef reyndar aldrei séð Ingvar E. Sigurðsson spila á harmonikkju fyrr, né bregða sér í hlutverk Megasar, en ég hef séð hann gera næstum allt hitt áður og fannst undirokunin og oflætið bitastæðara hjá honum í Sjálfstæðu fólki. Einhver



Pétur Gautur sveif þarna yfir vötnum líka. Ilmur Kristjánsdóttir lék frúna hans, skaðræðisskass hið mesta, og mér fannst hún gera það vel – þó að óléttubumbunni hafi einhvern veginn verið ofaukið. Baróninn er leikinn af Bergþóri Pálssyni, sem mér fannst alls ekki ná neinu flugi. Hann



„En þegar fólk fór að syngja um mojito varð ég bara reið.“

syngur fagurlega en þessi rulla á ekki við hann, hann er allt of elskulegur maður í þetta. Og kónarnir tveir, þjónarnir eða skósveinar hans – leiknir af Bergi Þór Ingólfssyni og Arnmundi Ernst Bachmann, voru samstilltir eins og smurðar vélar en eins og með svo margt annað í sýningunni var bara of mikið af sprelli. Hljómsveitarmeðlimir dattu líka inn og út úr karakterum meðan á sýningunni stóð en mér fannst meira til um hvað þeir eru flinkir að keyra upp stuðið og skiptast á hljóðfærum. En þegar fólk fór að syngja um mojito varð ég bara reið.

Of mikið af öllu

Það er of mikið af öllu í þessari sýningu. Það má alveg hlæja að þessu en brandarinn er afskaplega langur og endurtekningasamur og í mínum huga er þessi uppfærsla algjörlega frábært dæmi um hvað gerist þegar fólk (stundum réttilega) treystir ekki verkinu. Þá er farið að sparsla og eitthvað sem kannski var bara frekar þurr og gamaldags jólakaka er uppstrílað sem nútímalegur eftirrétur með rjóma, frómas, ís og súfflé, spæni og aukakirsuberi eins og til að bæta fyrir bragðleysið. Ég botna hreinlega ekki í því hvaða erindi þessi rúsínulausa sneið á við nútímann og skil ekki af hverju Benedikt Erlingsson leikstjóri og félagar ákváðu að hlaupa svona langt með þetta.



Högnuðust á miklu falli krónunnar

FJÁRMÁL
Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Deildu með umheiminum



Smelltu til að lesa bréf Davíðs Oddssonar og Eiríks Guðnasonar til FME 2. apríl 2008



Smelltu til að skoða samantekt á úttekt um starfsemi lífeyrissjóðanna fyrir hrun

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er sagt frá því að Kaupþing hafi keypt gríðarlegt magn af gjaldeyri á millibankamarkaði í lok árs 2007 og í upphafi árs 2008. Þessi uppkaup leiddu meðal annars, samkvæmt niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar, til þess að krónan féll í mars 2008.

Í rannsóknarskýrslunni kemur fram að Kaupþing var ekki bara að kaupa gjaldeyri fyrir eigin reikning. Bankinn var líka að kaupa fyrir hönd stærstu viðskiptavina og eigenda sinna. Ef samningarnir hefðu allir verið gerðir upp á uppgjörssdegi þeirra og á gengi Seðlabanka Íslands hefðu þessir aðilar getað haldið stórum hluta eigna sinna. Fall krónunnar var fallhlífín sem þeir byrjuðu að reyna á bakið á sér í lok árs 2007 og byrjun árs 2008 til að undirbúa sig fyrir brotlendingu íslenska efnahagskerfisins.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar stendur að „frá því í nóvember 2007 og fram til janúar 2008 keyptu fimm innlend fyrirtæki, það er Exista, Kjalar, Baugur og tvö félög tengd Baugi, 1.392 milljónir evra í framvirkum samningum og stundarviðskiptum við íslensku bankana. Meirihluti þess gjaldeyris var keyptur af Kaupþingi. Þetta vekur óneitanlega athygli sérstaklega í ljósi þess að viðskiptin voru mjög umfangsmikil miðað við fyrri viðskipti flestra þessara fyrirtækja“. Ólafur Ólafsson, eigandi Kjalars, var einn af stærstu eigendum Kaupþings. Það var Exista, þar sem Lýður og Ágúst Guðmundssynir voru stærstu eigendur, líka. Jón Ásgeir Jóhannesson, aðaleigandi Baugs, var á meðal stærstu eigenda Glitnis og stór viðskiptavinur Kaupþings. Til að setja gjaldmiðlakaup þessara aðila í samhengi myndu þeir fá 229 milljarða króna fyrir 1.392 milljónir evra ef þeim yrði skipt í krónur á gengi Seðlabanka Íslands í dag.

Seðlabankinn hafði líka áhyggjur af því að Kaupþing væri meðvitað að fella krónuna. Í bréfi sem Davíð Oddsson og Eiríkur Guðnason, sem þá voru tveir af þremur seðlabankastjórum landsins, sendu 2. apríl 2008 segir að Kaupþing og Exista kunni að hafa nýtt stöðu sína á gjaldeyrismarkaði til að „stuðla að og hagnast á gengislækkun íslensku krónunnar“.

Í niðurlagi bréfsins stendur enn fremur að „séu aðilar, sem jafnframt eru í bankastarfsemi, vísvitandi að stuðla að því að grafa undan gjaldmiðlinum, er allt þjóðfélagið undir í því veðmáli. Slík hegðun getur í versta falli leitt til þjóðargjaldþrots“.

Leynilegar upplýsingar birtar í fyrsta sinn

Í Kjarnanum í dag eru í fyrsta sinn birtar upplýsingar um að það voru ekki einvörðungu Kaupþing banki og vildarviðskiptavinir hans sem tóku stöðu gegn krónunni á þessum tíma. Einstakir starfsmenn Kaupþings gerðu það líka. Sumir seldu líka hlutabréf í Kaupþingi á sama tíma og verið var að hvetja viðskiptavini í eignastýringu eða í einkabankapjónustu bankans til að kaupa slík bréf. Hagnaður þeirra af þeim gjörningum hleypur á hundruðum milljóna króna. Þeir peningar sátu eftir á bankareikningum starfsmannanna þegar bankahrunið felldi íslenska fjármálakerfið.

Upplýsingarnar eru upp úr greinargerð sem endurskoðunarfyrirtækið PwC vann fyrir slitastjórn Kaupþings. Í henni er farið yfir verðbréfavíðskipti fjögurra starfsmanna bankans og maka þeirra sem voru virkir á sviði afleiðuviðskipta og annarra verðbréfavíðskipta í þeim tilgangi að greina hvort farið hafi verið að innri reglum bankans og reglum um verðbréfavíðskipti. Tilgangurinn var að skoða álitamál sem hugsanlega mætti taka áfram til riftunar eða sem grunn að skaðabótamáli gagnvart mönnum fjórum. Greinargerðin er dagsett 23. mars 2012. Hún verður aðgengileg í Kjarnanum eftir klukkan 19.30 í kvöld, 24. október.

Ekki lögbrot

Vert er að taka fram að Kjarninn hefur leitað sér upplýsinga um hvort verið sé að skoða viðskipti manna fjögurra sem lögbrot. Svo er ekki. Embætti sérstaks saksóknara kannaði það ítarlega fyrir nokkrum árum hvort stórar stöðutökur gegn krónunni væru glæpsamlegar. Á meðal þess sem var kannað var hvort hægt væri að flokka þær sem fjársvik, þar sem almenningur, sem þarf að lifa við hina föllnu krónu sem stöðutökurnar orsökðu, væri sá sem hefði verið svikinn. Niðurstaða embættisins varð hins vegar sú að frelsi í gjaldmiðlaviðskiptum hefði einfaldlega verið það mikið á árunum fyrir hrun að líkast til væri ekkert ólöglegt við stöðutökurnar.

Ritstjórn Kjarnans er hins vegar þeirrar skoðunar að efni greinargerðar PwC eigi mikið erindi við almenning, enda lifir hann við afleiðingar bankahrunsins og falls krónunnar.

Lífeyrissjóðir töpuðu stórt

Til að byggja upp gjaldmiðlajöfnuð þurfti Kaupþing að finna aðila til að taka hina hliðina á veðmálinu, að veðja á styrkingu krónunnar. Það var fyrst og fremst gert með framvirkum samningum við lífeyrissjóði, útflutningsfyrirtæki og jöklabréfaeigendur.

Lífeyrissjóðir landsins hafa á undanförunum árum unnið að því að gera upp gjaldmiðlasamninga sína við stóru bankana þrjá. Lengst tók að semja við Kaupþing, en viðræðum við þrotabú þess banka lauk ekki fyrr en í janúar á þessu ári. Heildartap sjóðanna á þessum samningum nemur um 70 milljörðum króna.



Græddi hálfan milljarð á stöðutöku

Ingvar Vilhjálmsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Kaupþings

Ingvar Vilhjálmsson var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Kaupþings og á meðal æðstu yfirmanna bankans. Til marks um það var Ingvar sá starfsmaður bankans sem fékk mest lánað til hlutabréfa-kaupa í Kaupþingi að forstjóranum Hreiðari Má Sigurðssyni og stjórnarformanninum Sigurði Einarssyni undanskildum.

Í greinargerð PwC kemur fram að Ingvar hafi hafið „stöðutökur gegn íslensku krónunni árið 2008 og nam hagnaður hans af gjaldmiðlasamningum 491 milljón króna á árinu 2008. IV [Ingvar Vilhjálmsson] sagði tilgang framvirku gjaldmiðlasamninganna að verja lán en afborganir erlendra lána á sama tíma námu einungis 579 þúsund krónum“. Ingvar greiddi því 0,1 prósent af þeirri upphæð sem hann hagnaðist um með stöðutöku sinni í afborganir af erlendum lánnum. Gengishagnaðinum var þar af leiðandi ekki ráðstafað til greiðslu á lánnum Ingvars.

Ingvar hóf að taka stöðu gegn íslensku krónunni í mars 2008, í sama mánuði og rannsóknarnefnd Alþingis segir að Kaupþing hafi felld krónuna. Frá 13. mars til 19. júní það ár gerði hann alls tíu gjaldmiðlasamninga þar sem hann keypti framvirkt íslenskar krónur tengdar gengisvísitölunni á móti íslensku krónunni. Því meira sem krónan féll, þeim mun meira hagnaðist Ingvar. Í sjö skipti var engin heimild frá regluverði né yfirmanni áhættustýringar Kaupþings fyrir gerð samninganna.

Síðasta samningnum var lokað í júní 2008. Hagnaðinum af gjaldeyrisviðskiptum Ingvars, 491 milljón króna, var ráðstafað þannig að 145 milljónir króna fóru í að kaupa hlutabréf í Existu, stærsta eiganda Kaupþings. Afgangurinn var lagður inn á persónulegan bankareikning Ingvars.

Samkvæmt yfirliti sem birt er í greinargerð PwC var eignastaða Ingvars hjá Kaupþingi hinn 21. október 2008 þannig að hann átti 389 milljónir króna á bankareikningum og aðrar eignir upp á 146 milljónir króna. Samtals átti hann því 534,5 milljónir króna. Uppistaðan í þeirri eign var gjaldeyrihagnaður vegna framvirkra samninga sem gerðir voru á fyrri hluta ársins 2008.

Eiginkona Ingvars hagnaðist vel

Í greinargerð PwC er líka fjallað töluvert um verðbréfavíðskipti Helgu Maríu Garðarsdóttur, eiginkonu Ingvars, sem var með eignastýringarsafn í bankanum. Rannsakendur vekja meðal annars athygli á því að Ingvar kom oft að viðskiptum með eignir í því safni, en aðkoma að eignastýringu venslaaðila var andstæð þeim reglum sem Kaupþing setti um slík verðbréfavíðskipti.

Í greinargerðinni segir að tölvupóstur sem farið hafi á milli æðstu stjórnenda Kaupþings um miðjan janúar 2008 séu athyglisverðir. Þar segir að þeir hafi borið þess „vott að eitthvað hefur verið í gangi, sérstaklega póstarnir sem fara á milli dagana 14.-15.-16. janúar og sá skammi tími sem líður frá því að póstur er sendur og þar til honum hefur verið svarað bendir til þess að menn hafi verið á varðbergi“.

Póstana má lesa í greinargerð PwC sem verður birt í heild sinni í Kjarnanum í kvöld, 24. október. Á meðal þess sem þar er fjallað um er neikvæð greining ABG Sundal Collier á stöðu Existu, stærsta eiganda Kaupþings.

Með hliðsjón af þessum tölvupóstsamskiptum vöktu viðskipti Helgu Maríu athygli rannsakenda. Hinn 10. janúar 2008 seldi hún hlutabréf í Kaupþingi og Bakkavör fyrir rúmlega 140 milljónir króna og hinn 14. janúar 2008 seldi hún hlutabréf í Existu fyrir 42 milljónir króna. Í greinargerðinni segir að „söluandvirði salanna þriggja er strax tekið út af eignastýringunni og lagt inn á bankareikning hennar“. Helga María dregur á sama tíma úr framvirkum hlutabréfasamningum sem hún hafði verið með og snýr sér að framvirkum gjaldmiðlasamningum þar sem hún tekur stöðu gegn krónunni, líkt og eiginmaður hennar. Útgáfa fyrsta gjaldmiðlaskipta-samningsins var 6. mars 2008 og þeim síðasta var lokað 30. september sama ár. Samtals innleysti Helga María 38 milljóna króna hagnað vegna stöðutökunnar.

Vensluð félög hýstu bréf

Við leit rannsakenda í tölvupóstum Ingvars í tengslum við eigin viðskipti hans hjá Kaupþingi komu nöfn tveggja félaga ítrekað fram. Ingvar var hvorki hluthafi né í stjórn þeirra en tengdist báðum félögum sterkum fjölskylduböndum.

Annað félagið heitir AB 47 ehf. Hluthafar þess voru sjö. Þeir voru móðir Ingvars, föðurbróðir hans, faðir eiginkonu hans, föðurbróðir eiginkonu hans, tveir synir föðurbróður eiginkonu hans og einn einstaklingur til viðbótar. Í fylgiskjölum með greinargerð PwC kemur fram að Ingvar sýslaði sjálfur með viðskipti AB 47 ehf. hjá Kaupþingi þrátt fyrir að annar starfsmaður, sem starfaði í einkabankaþjónustu bankans, hafi átt að vera með umsjón félagsins af hálfu Kaupþings. Starfsmenn fjármálafyrirtækja eiga ekki undir neinum kringumstæðum að sýsla með verðbréfavíðskipti venslaðra aðila.

AB 47 ehf. var sjöundi stærsti eigandi Existu, stærsta eiganda Kaupþings, í lok árs 2007 með 2,34 prósentu hlut. Félagið var að fullu fjármagnað af Kaupþingi, sem lánaði því samtals 5,2 milljarða króna, og eini tilgangur þess var að kaupa bréf í Existu. Því virðist AB 47 ehf. hafa verið búið til svo hægt væri að selja því bréf í Existu, stærsta eiganda Kaupþings, með lánnum frá Kaupþingi vegna þess að ekki var markaður fyrir hlutabréfunum og ef þau færu út myndi hlutabréfaverð í Existu falla.

Hitt félagið sem kom ítrekað upp var AB 76 ehf. Það var stofnað árið 2007 og innborgað hlutafé var 1,1 milljarður króna. Á meðal eigna félagsins voru eignarhlutir í Kaupþingi. Á síðari hluta ársins 2007 og á árinu 2008 seldi félagið nánast alla hluti sína í Kaupþingi. Félagið fékk um tvo milljarða króna lánaða hjá Kaupþingi til að kaupa bréf í bankanum. Eigendur AB 76 ehf. voru tólf talsins. Þar á meðal voru tveir synir föðurbróður eiginkonu Ingvars. Þeir voru auk þess stjórnarmenn í félaginu og annar þeirra var framkvæmdastjóri þess.

Var ákærður af Sérstökum saksóknara

Sérstakur saksóknari ákærði Ingvar fyrr á þessu ári fyrir að telja ekki fram til skatts tæplega hálfan milljarð króna á árinu 2008. Ákæran er vegna ágóða hans af gjaldmiðlasamningunum. Hann var auk þess dæmdur til að greiða Kaupþingi 2,6 milljarða króna árið 2011 vegna hlutabréfaskulda sinna. Í því máli hélt Ingvar því fram að hann hefði verið fórnarlamb markaðsmisnotkunar Kaupþings. Þar hélt hann því einnig fram að Kaupþing hefði tekið stöðu gegn krónunni og þar með stuðlað að hækkun á vísitölum á Íslandi. Þannig hefði bankinn unnið gegn hagsmunum Ingvars. Í þeirri málsvörn kom ekkert fram um að hann hefði sjálfur tekið stöðu gegn krónunni og hagnast um hátt í hálfan milljarð króna vegna þeirrar stöðutöku.

Ingvar á og rekur fiskvinnslufyrirtækið Ice-West í Grindavík. Hann keypti það, ásamt eiginkonu sinni, í lok árs 2011.



Stöðutaka skilaði 157,5 milljónum

Hannes Frímann Hrólfsson, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri markaðsviðskipta Kaupþings og forstöðumaður í gjaldeyris- og afleiðumiðlun hans

Hannes Frímann Hrólfsson var aðstoðarframkvæmdastjóri markaðsviðskipta Kaupþings og forstöðumaður í gjaldeyris- og afleiðumiðlun hans. Hann bar því ábyrgð á gjaldeyrismiðlun bankans.

Í greinargerð PwC kemur fram að Hannes var með tvo framvirka gjaldmiðlasamninga þar sem hann keypti framvirkt íslenskar krónur tengdar gengisvísitölunni á móti íslensku krónunni. Þegar Hannes óskaði eftir heimild til að gera samningana, en hann þurfti slíka frá regluverði bankans, sagðist hann vera að verja erlend lán sem hann væri með.

Í greinargerðinni segir hins vegar að „í innlánagreiningu á bankareikningi HFH [Hannes Frímann Hrólfsson], sem unnin var af PwC, eru tilgreindar afborganir af lánum í sjö skipti samtals að fjárhæð 2,2 milljónir króna á tímabilinu 28. febrúar 2007–5. ágúst 2008. Gengishagnaði framvirku samninganna var því ekki ráðstafað til greiðslu á lánum HFH enda kemur fram á vörslureikningi hans að 157,5 milljóna króna hagnaði fyrri samnings var ráðstafað inn á bankareikning HFH ... en 195 þúsund króna hagnaði af þeim seinni var ráðstafað til kaupa í peningamarkaðssjóði Kaupþings“. Hannes fékk því hagnaðinn af samningunum til frjálsrar ráðstöfunar.

Tók stöðu í mars 2008

Fyrri samningurinn, sem skilaði mesta hagnaðinum, var gerður 7. mars 2008. Það er á sama tíma og rannsóknarnefnd Alþingis segir að Kaupþing hafi fellt krónuna. Þá keypti Hannes íslenskar krónur fyrir 1.081 milljón króna. Hann seldi síðan sömu krónur á 1.239 milljónir króna 11. apríl, um mánuði síðar. Ágóði viðskiptanna var því eins og áður sagði 157,5 milljónir króna.

Fjárhæðin var lögð inn á vörslureikning Hannesar en tekin út af honum samdægurs og lögð inn á bankareikning hans. Þaðan voru síðan færðar 190 milljónir króna samdægurs á annan bankareikning Hannesar. Í október 2008, þegar íslenska fjármálakerfið var að hrynja, millifærði Hannes síðan 117,8 milljónir króna af þeim reikningi inn á reikninga náinna fjölskyldumeðlima.

Samkvæmt yfirliti sem birtist aftast í greinargerð PwC átti Hannes 150 milljónir króna á bankareikningi í Kaupþingi 21. október 2008. Til viðbótar átti hann 100,2 milljónir króna í ýmsum eignum á vörslureikningi. Uppi-staðan í þessari eign hans var hagnaður vegna stöðutöku gegn krónunni.

Stýrir fjármálafyrirtæki

Hannes er í dag forstjóri fjármálafyrirtækisins Auðar Capital. Í ágúst síðastliðinn var tilkynnt að stjórnir Auðar og Virðingar hf., verðbréfafyrirtækis sem er að stóru leyti í eigu lífeyrissjóða, hefðu undirritað viljayfirlýsingu um sameiningu félaganna. Þeir sjóðir sem eiga Virðingu eru á meðal þeirra sem töpuðu stórt á því að vera á hinum endanum á stöðutökum íslensku bankanna gegn krónunni. Virðing stýrir auk þess miklum eignum fyrir þessa sjóði.

Verði af sameiningunni, sem allt útlit er fyrir, munu heildareignir í stýringu hjá sameinuðu fyrirtæki nema um 100 milljörðum króna og eignir í fjárvörslu verða allt að 180 milljarðar króna. Hannes Frímann verður forstjóri hins sameinaða fyrirtækis.



Hamstraði eðalvín fyrir toppana

Steingrímur Páll Kárason, fyrrverandi framkvæmdastjóri áhættustýringar Kaupþings

Steingrímur Páll Kárason var framkvæmdastjóri áhættustýringar Kaupþings fyrir bankahrun. Hann var einn af áhrifamestu stjórnendum bankans.

Í greinargerð PwC kemur fram að Steingrímur hafi gert 90 gjaldmiðlasamninga á því tímabili sem var til skoðunar. Þar segir að „gjaldmiðlasamningar SPK [Steingrímur Páll Kárason] á stundargengi (spotgengi) vekja hins vegar upp spurningar bæði vegna fjárhæðanna og þá ekki síður fyrir fjölda þeirra sem urðu 90 á skoðunartímabilinu. SPK var ekki með framvirka samninga“.

Samningarnir sem Steingrímur gerði voru því annars eðlis en þeir sem Ingvar Vilhjálmsson og Hannes Frímánn Hrólfsson gerðu. Yfirleitt var viðskiptadagur og gjalddagi samninganna sá sami en þó liðu nokkrir dagar á milli í undantekningartilfellum. Hinn keypta gjaldeyri átti ýmist að greiða inn á bankareikning í erlendum banka eða hann tengdist milli-færslu á milli gjaldmiðla á reikningum Steingríms.

Umfangsmikil kaup á eðalvínnum

Í greinargerðinni segir að „í öðrum hluta rannsóknar PwC hefur komið í ljós að Steingrímur virðist hafa verið miðpunktur í sameiginlegum erlendum vinkaupum nokkurra ædstu stjórnenda Kaupþings, sem voru töluverð að umfangi. Leiða má líkur að því að einhver eða verulegur hluti gjaldmiðlasamninganna tengist erlendum vinkaupum“.

Slitastjórn Kaupþings hafði lengi grunað að Steingrímur og hinir ædstu stjórnendurnir ættu fokdýrt safn eðalvína. Hún fór meðal annars í húsleit í geymsluhúsnæði í Smiðshöfða, sem Steingrímur á ásamt Ingólfi Helgasyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings á Íslandi, í febrúar 2012 til að leita að vínsafninu. Tilgangurinn var að leita að verðmætum upp í kröfur sem slitastjórnin á á mennina. Vínsafnið fannst ekki. Það eina sem var í kjallaranum, samkvæmt frásögn Fréttablaðsins af málinu, var nokkrar búslóðir og bilaður bíll, árgerð 2004, sem slitastjórnin hafði þegar fengið kyrrsett-an.

Skúrinn tæmdur

Í greinargerð PwC er rakið innihald nokkurra tölvupósta sem fóru á milli Steingríms og konu sem sá um framtalsgerð fyrir hann. Samkvæmt þeim fjárfesti Steingrímur töluvert erlendis, meðal annars í tveimur bátum og húsi í Svíþjóð. „Þessu til viðbótar segist SPK hafa keypt töluvert af léttvíni, hann hafi flutt nokkuð af því heim en mikið sé í geymslum erlendis.“ Þá upplýsti hann að hann ætti „vaxtalaus kröfu [...] á My Mariu Ltd á Isle of Man að fjárhæð 1.020 þúsund evrur.“ Í dag eru það um 168 milljónir króna. Ekki kemur fram hver eigandi My Mariu Ltd. er.

Þessu tengt er sagt frá tölvupósti sem Steingrímur sendi 12. apríl 2008 til Magnúsar Guðmundssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg, Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi starfandi stjórnarformanns Kaupþings, Ingólfs Helgasonar og Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings. Efni (e. subject) póstsins er „Skúrinn tæmdur“.

Innihald tölvupóstsins er:

„Skúrinn í H66 hefur verið tæmdur og allt vínið sett í geymslu með hjálp góðra manna (Björn Jónsson lagði fram tvö bretti sem voru tekin traustatáki á lóðinni hans.)

Vegna spurninga um magn í skúrnum þá upplýsist að úr skúrnum komu ca. 12 bretti, 2 bretti voru fyrir í geymslunni og 2 bretti út í bæ samtals 16 bretti. Á hverju bretti eru ca. 5-600 flöskur en það gerir samtals 8.000 til 9.600 flöskur sem stemmir við fyrri ágiskun undirritaðs um „færri en 10 þúsund“. (Að vísu eru lagerar utan landsteina ekki taldir með.)“

Skúrinn í H66 er bílskúrinn á heimili Steingríms á þessum tíma.

PwC telur að Steingrímur hafi notað að minnsta kosti hluta gjaldeyrisins sem hann keypti í gríð og erg á mánuðum fyrir hrun til að fjárfesta í eðalvínnum. Virði þess víns sem Steingrímur og kollegar hans áttu er talið hafa verið á þriðja hundrað milljónir króna, samkvæmt heimildum Kjarnans.

Steingrímur býr nú í Lúxemborg. Hann var handtekinn og úrskurðaður í farbann árið 2010 í tengslum við rannsókn embættis sérstaks saksóknara á meintri markaðsmisnotkun Kaupþings. Hann var ekki einn af þeim sem voru ákærðir vegna þess máls fyrr á þessu ári.



Seldi bréf fyrir hálfan milljarð

Þórarinn Sveinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri eignastýringar og einkabankaþjónustu Kaupþings

Þórarinn Sveinsson var framkvæmdastjóri eignastýringar og einkabankaþjónustu Kaupþings fyrir bankahrun. Samkvæmt greinargerð PwC átti hann í umtalsverðum verðbréfa-viðskiptum á skoðunartímabilinu með bréf sem voru annaðhvort geymd á vörslureikningi hans eða í gegnum eignastýringarsafn hans. Þar stendur að „af 44 viðskiptum á vörslureikningi voru 10 tilvik þar sem annað hvort heimild til viðskiptanna kom ekki fram eða ósamræmi var á milli viðskipta og heimilda. Innlestur hagnaður ÞS [Þórarinn Sveinsson] á árinu 2007 af sölu hlutabréfa í Kaupþingi nam 478 milljónum króna og af sölu hlutabréfa í Bakkavör Group hf. 43 milljónum króna. ÞS var með framvirka samninga um kaup á hlutabréfum og gjaldeyri sem og samninga um kaup á gjaldeyri á stundargengi. Heimildir til flestra viðskiptanna skorti. Hagnaður ÞS af tveimur framvirkum samningum um hlutabréf var 104 milljónir króna en aftur á móti var hann með 20 milljóna króna tap af tveimur samningum um framvirk gjaldeyriskaup“.

Hinn 7. október 2008, daginn eftir neyðarlagasetninguna og rétt áður en Kaupþing féll, færði Þórarinn eignir úr fjórum félögum og sjóðum sem hann kom yfir á eignastýringarsafn sitt.

Stýrir rekstrarfélagi verðbréfasjóða

Þórarinn Sveinsson er í dag framkvæmdastjóri Alda Asset Management, sem er rekstrarfélag verðbréfasjóða. Hann hefur gegnt því starfi frá árinu 2009. Hann er líka á meðal eigenda félagsins, sem er í 80 prósentu eigu helstu stjórnenda þess. Alls á Þórarinn 48 prósentu hlut í gegnum félag sitt Alecia ehf. og fer hann með virkan eignarhlut. Hann á líka átta prósentu hlut í gegnum félagið YNWA ehf. sem hann á ásamt öðrum stjórnanda félagsins.

Markaðsvæðing þekkingar



Opinn aðgangur er víðtækt hugtak. Í þessari umfjöllun merkir opinn aðgangur að útgefið efni sem er afrakstur vísindastarfs, og oftast en ekki er kostað af opinberu fé, háskólunum eða samkeppnissjóðum, sé aðgengilegt öllum á rafrænu formi.

Almennt gildir það að til þess að geta lesið ritrýndar greinar ritaðar af háskólamenntuðum fræðimönnum, sem þiggja laun eða styrki frá hinu opinbera til þess að stunda rannsóknir sínar og fræðistörf, þarf að greiða áskriftargjald að fræðiritum. Með opnum aðgangi er tryggt að almenningur þurfi ekki að greiða þriðja aðila fyrir að sjá afrakstur vinnu sem hann hefur þegar kostað.

En spurningin um opinn aðgang er ekki aðeins spurning um sanngirni gagnvart skattborgaranum. Hún snýst einnig um akademíska skilvirkni, akademískt frelsi, nýsköpun og framfarir í hnattvæddum heimi.

Eftirspurn eftir þekkingu

Ferli hnattvæðingar hefur haft róttækar breytingar í för með sér fyrir fjölmennustu lönd heimsins. Samkvæmt áætlun hugveitu í Bandaríkjunum munu 200 milljónir Kínverja hafa háskólagráðu árið 2030 og árið 2020 munu fjórfalt fleiri háskólanemar útskrifast úr háskólum á Indlandi en í Bandaríkjunum. Í almennri umræðu er stundum rætt um fjölda verkfræðinga sem útskrifast árlega. Ástæðan er sú að verkfræði er það fag sem einna mesta verðmætasköpunin er fólgin í.


Ódýrar útflutningsvörur frá löndum sem áður töldust til þriðja heimsins hafa aukið hagvöxt, sem skapar gríðar-fjölmenna millistétt. Í dag svarar það kostnaði að framleiða íslenskar lopapeysur í Kína. Hugvitið og afurðir þess er helsta vonin sem leiðtogar Vesturlanda eygja um aukna samkeppnishæfni í hnattvæddum heimi.

Árið 1952 átti breski heimspekingurinn Bertrand Russell von á því að lenda í heimspekilegum rökræðum við leigubíl-stjórann ef hann settist inn í leigubíl í New York, þar



Smelltu til að lesa frétt BBC um skort á verkfræðimenntuðu fólki

FJÖLDI BRAUTSKRÁNINGA ÚR HÍ (GRÁÐUR)



Athugið að sú aukning sem verður á milli 2009 og 2010 er að miklu leyti til komin vegna sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.



Smelltu til að lesa umfjöllun Wall Street Journal um skólagjöld


sem líkur væru til þess að hann hefði doktorsgráðu þar sem háskólamenntun væri ókeypis. Í dag fjallar stór bandarískur fjölmiðill, *Wall Street Journal*, um það hvers vegna skólagjöld við háskóla þar vestra hafa hækkað þrisvar sinnum meira en neyslúvísitalan og tvisvar sinnum meira en heilsugæslugjöld á síðastliðnum áratug. Í þeirri grein er talað um „academic arms race“ í Bandaríkjunum. Niðurstaðan er sú að hætta verði að líta á háskólamenntun sem niðurgreidd samgæði og byrja að líta á hana sem vöru á samkeppnismarkaði.

Þegar Háskólabókasafn Háskóla Íslands var stofnað árið 1940 taldi safnkostur þess um 30 þúsund rit. Árið 1994 var fjöldi rita orðinn um 345 þúsund. Árið 1994 voru um 2,78% Íslendinga skráðir nemendur í háskólanum en árið 1988 var fyrsta árið sem hlutfallið fór yfir 2% og árið 1992 var hlutfall íslenskra háskólanema í háskólanámi erlendis 22,9% og hafði aldrei verið lægra, það hafði jafnan verið um þriðjungur eða herra.

Í dag er fjöldi rita á safninu um milljón. Hlutfall Íslendinga í háskólanámi er 5,58% og þar af er 12,1% í námi erlendis. Lenging háskólanáms og aukin sérhæfing háskólanáms þýða að sífellt meiri eftirspurn verður eftir fræðilegum



FJÖLDI SÓTTRA GREINA Í HEILDARTEXTA 2003-2012



Líkt og með fjölda brautskráninga hefur magn upplýsinga sem sótt er af netinu meira en tvöfaldast á innan við áratug.



Smelltu til að lesa grein á vef The Economist

heimildum. Þetta er þróun sem á sér stað um allan heim. Íslendingar eru góðu vanir þegar kemur að upplýsingum og framboði á þeim. Það þekkist óviða að frjáls aðgangur sé að helstu dagblöðum 20. aldarinnar í gegnum netið – þá er það ekki síður mikilvægt að þau eru leitarbær.


Mestu sérstöðuna hefur Ísland þó að því leyttu til að frá árinu 1999 hafa allar nettengdar tölvur á Íslandi haft svokallaðan landsaðgang að útgefnu efni á netinu. Nokkuð algengt er að stofnanir á borð við skóla og sjúkrahús geri slíka samninga við útgefendur en það var nýlunda að heilt land gerði slíkan samning.

Sérhæfing þekkingar

Ein af afleiðingum framþróunar þekkingar er aukin sérhæfing hennar. Vanti einhvern upplýsingar um vökvabrot (e. hydraulic fracturing) er fræðiritið International Journal of Rock Mechanics and Mining Sciences (IJRMMS) líklega ein besta heimildin. Á vef alþjóðlega útgáfurisans Elsevier, sem gefur IJRMMS út, má sjá að ársáskrift að vefútgáfu eða prentaðri útgáfu kostar um 650 þúsund fyrir stofnanir en tæplega 50 þúsund fyrir einstakling.



KOSTNAÐUR VIÐ LANDSAÐGANG (Í MILLJÓNUM KRÓNA)



Nokkru meira fé en rekstur Hæstaréttar kostar ríkissjóð. Fjöldi tímarita á áskrift frá útgefendum í Landsaðgangi er 5.307 og telja þau um 80% kostnaðarins. Afgangurinn fer í gjöld fyrir aðgang að gagnasöfnum.

Í mörg ár hefur óútskýrð hækkun áskriftargjalda fræðiritanna valdið mönnum heilabrotum. Mennta höfðu þegar gert sér grein fyrir þróuninni árið 1998. Á milli ára 1986 og 1996 hækkaði neysluvísitalan í Bandaríkjunum um 44%, bækur hækkuðu í verði um 62% og heilsugæslugjöld um 84% en áskriftargjöld fræðiritanna hækkuðu um 148%! Í grein sem birtist í *The Economist* kemur fram að hagnaður Elsevier Reed af útgáfustarfsemi sinni sem hlutfall af veltu væri 36% árið 2010. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2012 hefur það hlutfall aukist í 37,8%, en hagnaður Elsevier Reed af útgáfustarfsemi fyrir það ár nam £780 milljónum (um 151 milljarði ISK). Vorið 2012 birti Harvard-háskóli minnisblað þar sem sagði að skólinn hefði ekki lengur efni á að borga áskriftargjöld og tekin var upp bindandi stefna um OA.

Ástæðan fyrir þessu er einföld. Vísindamenn eru í fæstum tilvikum á höttunum eftir skjótfengnum gróða. Þeir vilja heldur deila þekkingu sinni. Hagsmunir vísindamannsins felast þess vegna í því að miðla þekkingu sinni með eins skilvirkum hætti og kostur er. Eigendur fræðiritanna, sem öðlast hafa sess sem áreiðanlegir miðlar þekkingar á sínu sviði, eru því í einokunarstöðu gagnvart kaupendum.

Útgáfufyrirtækin hafa notað klassískt sölutrix til að auka



hagnað sinn. Þau hrúga lítt þekktum fræðiritum saman með þekktum og selja bókasöfnum áskriftarpakka til þess að geta rukkað hærra verð. Nýleg könnun meðal rannsóknar-bókasafna í Bandaríkjunum sýnir að stóru útgáfufyrirtækin hafa tryggt sér enn stærri markaðshlutdeild. Það sýnir slæma samningsstöðu bókasafnanna að þau eru að reyna að skipuleggja sig með því að sammælast um að fara fram á að samningar verði ekki háðir trúnaði.

Kostir opins aðgangs

Eðlisfræðingar á sviði öreindafræði við CERN-stofnunina í Sviss eru ekki í nokkrum vafa um skilvirkustu leiðina til þess að miðla rannsóknarniðurstöðum sínum. Þeir hafa bundist samtökum SCOAP³ um að birta aðeins í opnum aðgangi.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna að greinar sem birtar eru í opnum aðgangi eru lesnar af fleirum og er vitnað oftar í. Í Bandaríkjunum er lögbundið að birta ríkisstyrktar greinar á sviði læknávisinda hjá PubMed Central, sem er varðveislusafn í opnum aðgangi á vegum bandarískra heilbrigðisstofnana. Þar eru yfir 2,8 milljón fræðigreinar. PLOS (Public Library of Science) ONE er virt fræðirit á sviði raunvísinda, upprunalega stofnað 2006, en þar hafa yfir 13 þúsund fræðigreinar verið birtar í opnum aðgangi.

Erlendis er þróunin öll á einn veg. Í júní 2012 kom út hin svonefnda Finch-skýrsla á vegum breskra yfirvalda um það hvernig mætti auka aðgengi að rannsóknarniðurstöðum. Í henni var komist að þeirri niðurstöðu að leggja ætti áherslu á opinn aðgang, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem rannsóknir væru fjármagnaðar af skattfé, og að þróunin í átt að opnum aðgang væri umfangsmikið breytingaskeið sem Bretland ætti að taka opnum örmum (Finch, o.fl., 2012, bls. 7).

Premur dögum eftir birtingu Finch-skýrslunnar samþykkti Vísinda- og tækniráð Danmerkur að skilyrða fjárveitingar til vísindarannsókna við að niðurstöðurnar yrðu birtar í opnum aðgangi (Ministeriet for Forskning, Innovation og Videregående Uddannelse, 2012). Í júlí sama ár beindi framkvæmdastjórn ESB því til aðildarríkja sinna að

FRAMDI SJÁLFSVÍG VEGNA FORVIRKRA AÐGERÐA BANDARÍKJASTJÓRNAR

Í byrjun þessa árs fyrirför 26 ára gamall maður sér, Aaron Swartz að nafni. Þrátt fyrir ungan aldur hafði hann þegar áorkað ýmsu á sviði tölvutækni og bættu aðgengi að upplýsingum. Tveimur árum fyrr hafði hann verið handtekinn og ákærður fyrir stórtækan þjófnað og innbrot í tölvur. Glæpurinn sem hann var kærður fyrir var að sækja um 4,8 milljónir skráa (~70 gb) í gegnum tölvukerfi MIT-háskólans í Bandaríkjunum.

Það er út af fyrir sig ekki glæpur að sækja mikið magn af skjölum í gegnum tölvunet. En Swartz var frægur fyrir starf sitt á sviði tölvutækni og þekktur fyrir róttæka afstöðu varðandi opinn aðgang. Sumarið 2008 hafði hann skrifað stefnuyfirlýsingu sem hann nefndi „Guerilla Open Access Manifesto“ og hefst með orðunum „Information is power. But like all power, there are those who want to keep it for themselves.“ Í niðurlaginu segir: „We need to download scientific journals and upload them to file sharing networks. We need to fight for Guerilla Open Access. With enough of us, around the world, we'll not just send a strong message opposing the privatization of knowledge – we'll make it a thing of the past. Will you join us?“

Ríkissaksóknari Bandaríkjanna sá sæng sína upp reidda og ákvað að lögsækja Swartz fyrir glæpi sem hefðu getað þýtt 35 ára fangelsisdóm að viðbættum þremur árum í stofufangelsi og sekt upp á 1 milljón dala. Þessi aðgerð bandaríska ríkis-



saksóknarans er forvirk og er þeim mun alvarlegri í ljósi þess að „fórnlamb“ meints glæps, JSTOR, ákvað að lögsækja ekki! Glæpurinn var heldur ekki skeður, Swartz hafði ekki dreift gögnum en hafði lýst yfir ásetningi um að gera það. Ríkissaksóknari Bandaríkjanna, Carmen M. Ortiz, vildi láta Swartz vera víti til varnaðar. En svo fór sem fór og í kjölfarið var hún harðlega gagnrýnd fyrir að hafa gengið fram með offorsi. Ákvörðun MIT um að halda málaferlunum áfram var einnig harðlega gagnrýnd og leiddi til sérstakrar skýrslu um aðkomu MIT.

Þessari umfjöllun um Swartz er ekki ætlað að réttlæta aðgerðir hans né stuld á hugverkum. Henni er ætlað að benda á alvarleika málsins. Þekking er lykillinn að farsælli framtíð fyrir okkur öll – tryggjum að hún verði ekki of dýru verði keypt.

setja sér stefnu um opinn aðgang (Framkvæmdastjórn ESB, 2012).

Styrkir næsta rannsóknarverkefnis ESB, Horizon 2020, sem hleypt verður af stokkunum 2014, verða skilyrtir við birtingu rannsóknarniðurstaðna í opnum aðgangi. Í skýrslu sem Þjóðbókasafn Bretlands og SAGE-útgáfurisinn unnu í sameiningu um þýðingu opins aðgangs fyrir rannsóknar-bókasöfn var áætlað að hlutfall fræðigreina í opnum aðgangi myndi hækka í 15-50% á næsta áratug (Harris, 2012). Í Svíþjóð er rætt um að árið 2013 verði ef til vill árið sem hætt verði að

spyrja hvers vegna taka ætti upp stefnu um opinn aðgang og þess í stað byrjað að velta því fyrir sér hvernig megi framkvæma hana (Kronman, 2012).

Íslenskir háskólar hafa ekki markað sér stefnu

Þrátt fyrir að kveðið sé á um opið aðgengi að rannsóknaniðurstöðum í stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010-2012 hafa fæstir íslenskir háskólar, stofnanir og rannsóknarsjóðir markað sér formlega OA-stefnu. Háskólinn á Bifröst kom sér upp OA-stefnu í janúar 2012 og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn skrifaði undir Berlínaryfirlýsinguna í október 2012. Í lok árs 2012 voru lög nr. 19/2012 um breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 sett, en í þeim sagði:

„Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lög þessi, skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðanna í viðkomandi verki.“

Í stefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2011-2016 er það sett að markmiði að hann móti sér stefnu um opinn aðgang. Hann hefur enn ekki gert það.



Hitnar undir Tesla

ALMANNATENGLS

Grétar Sveinn
Theodórsson

Rafmagnsbílaframleiðandinn Tesla hefur verið á mikilli siglingu undanfarið. Bréf í fyrirtækinu, sem stofnað var af viðskiptasnillingnum Elon Musk, hafa hækkað um meira en 400% á þessu ári og hefur bíllinn vakið mikla athygli víða um heim og er mjög eftirsóttur hjá fólki með kaupmátt.

Snemma í október kviknaði í Tesla-bíl þegar honum var ekið um götur Seattle-borgar. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, slapp ómeiddur og slökkviliðið slökkti eldinn fljótt og örugglega. Fjölmiðlar sýndu málinu hins vegar mikinn áhuga og myndbandi sem vegfarandi tók af bílnum í ljósum logum var dreift á netinu. Þegar fólk sér Tesla-bíl í ljósum logum hugsar það að sjálfsgöðu með sér að þarna hafi eitthvað gerst sem átti ekki að gerast og myndar jafnvel þau hugrenningatengsl að bíllinn sé hættulegri en hefðbundnir bensínbílar.

Stórum járnhlut að kenna

Í framhaldinu lækkaði greinandi hjá R.W. Baird hlutabréf Tesla úr úrvalsflokki í miðlungsflokk með þeim orðum að fyrirtækið þyrfti augljóslega að leysa úr ýmsum viðamiklum málum á næsta eina og hálfu árinu. Í kjölfarið lækkuðu hlutabréf í fyrirtækinu um 6,2%.

„Í krísu er mjög mikilvægt að ná stjórn á aðstæðum sem fyrst og koma réttum upplýsingum til þeirra aðila sem eiga hlut að máli.“

Athyglisvert er að skoða hvernig Tesla hagaði krísustjórnun sinni fyrstu dagana eftir slysið. Fyrirtækið tjáði sig ekki mikið um málið en sendi frá sér tilkynningu þar sem það sagði orsök eldsins hafa verið að stór járnhlutur hefði rekist í hluta af rafhlöðu bílsins, en jafnframt hefði eldurinn ekki breiðst út vegna þess að rafhlaðan væri varin með eldvarnarveggjum.

Stjórnendur fyrirtækisins voru skiljanlega tregir til þess að koma með endanlega útskýringu á slysinu áður en verkfræðingar og lögfræðingar höfðu skoðað nákvæmlega hvað fór úrskeiðis og hvenær. Elizabeth Jarvis-Shean, framkvæmdastjóri samskiptasviðs hjá Tesla, svaraði fyrirspurnum blaðamanna á svipuðum nótum og Tesla gerði í tilkynningunni sem fyrirtækið sendi frá sér. Ökumaðurinn keyrði á eitthvað stórt sem skemmdi rafhlöðu bílsins og olli því að það kviknaði í bílnum. Hún svaraði hins vegar ekki nokkrum lykilspurningum sem blaðamenn höfðu. Hvaða hlutur var það sem lenti á rafhlöðunni? Fannst þessi hlutur á slysstaðnum? Hvaða úrræði hefur eigandi bílsins til þess að fá tjónið bætt? Mun Tesla láta hann fá nýjan bíl eða einfaldlega borga honum til baka þá rúmlega \$70.000 sem billinn kostaði?

Jarvis-Shean svaraði þessum spurningum öllum svipað, „ég get ekki tjáð mig um það“. Hún tók einnig fram í svörum sínum að hún hefði ekki lesið skýrsluna frá R.W. Baird, þar sem ástæður þess að bréf Tesla voru lækkuð úr úrvalsflokki í miðlungsflokk voru tíundaðar, og vildi ekki ræða hvernig Tesla hygðist bregðast frekar við þeim aðstæðum sem nú væru uppi. Hún staðfesti einnig að Elon Musk, stofnandi og forstjóri Tesla, myndi ekki tjá sig um málið.

Væri ekki skynsamlegra fyrir Tesla, sé horft til lengri tíma, að vera heiðarlegt og opið við almenning og blaðamenn um það hvernig fyrirtækið ætlar að taka á þeirri stöðu sem upp er komin? Væri ekki skynsamlegra að segja eitthvað á þessa leið, 'við erum að gera þetta, þetta og þetta' og róa þannig markaði og eigendur Tesla sem hafa áhyggjur af öryggi bílsins? Í krísu er mjög mikilvægt að ná stjórn á aðstæðum sem fyrst og koma réttum upplýsingum til þeirra aðila sem eiga hlut að máli. Á fyrsta eina og hálfu deginum eftir slysið sendi Tesla frá sér eina

almennt orðaða tilkynningu og lét svo framkvæmdastjóra samskiptasviðs svara blaðamönnum á sama almenna hátt.

Hvað hefði Tesla átt að gera?

Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á, en skoðum hvernig Tesla hefði átt að bregðast við slysinu ef fyrirtækið hefði tekist á við krísuna samkvæmt fræðunum. Í fyrsta lagi er mjög mikilvægt að lögmenn, almannatenglar, verkfræðingar og stjórnendur séu allir á sömu blaðsíðu þegar brugðist er við. Slíkt virðist ekki hafa verið tilfellið hjá Tesla, sem skýrir skort á upplýsingum frá fyrirtækinu strax eftir slysið. Það þurfti auðvitað að greina bilunina og sjá hvað fór úrskeiðis áður en hægt var að svara því hvað gerðist nákvæmlega, en því fyrr sem það er gert, þeim mun betra. Hvort sem það eru góðar fréttir eða slæmar er lykillinn í krísu að vera eins heiðarlegur og unnt er og koma skilaboðum sem fyrst til allra sem eiga hlut að máli.

Tesla hélt því fram að bíllinn hefði virkað nákvæmlega eins og hann átti að gera, og í raun bendir ekkert til að svo hafi ekki verið. Það sem vantaði hins vegar upp á var að tilkynna strax hvernig fyrirtækið hygðist bæta bílstjóranum skaðann. Þá hefðu Musk og verkfræðingar fyrirtækisins átt að tala beint við fjölmiðla og sýna þannig að fyrirtækið tæki atvikið mjög alvarlega, í stað þess að láta framkvæmdastjóra samskiptasviðs taka slaginn við fjölmiðla.

Þrátt fyrir að Elon Musk hafi síðan skrifað blogg færslu á Tesla-bloggið þremur dögum eftir slysið þar sem hann fór opinskátt yfir hvað olli því að eldurinn kviknaði í bílnum, sem er vissulega sterkur leikur, voru það stór mistök hjá Tesla að láta hann ekki svara fjölmiðlum strax eftir slysið. Þegar horft er á krísustjórnunina hjá Tesla, fyrirtæki sem hefur verið mjög áberandi, var hún ekki nógu góð þegar á reyndi. Vissulega vissu Musk og Tesla ekki mikið um orsakir eldsins á fyrsta degi, en þannig er það yfirleitt í krísum. Það sem skiptir máli fyrir öll fyrirtæki er að til staðar sé áætlun um hvernig bregðast eigi við svona aðstæðum og að fyrirtæki miðli sem fyrst upplýsingum um það litla sem vitað er í upphafi og hvernig það ætli í framhaldinu að taka á aðstæðum.



Smelltu til að horfa
á myndband af
Tesla-bíl í ljóssum
logum



ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR

- GÓÐUR Á BRAUD -





iPad Air



Spjaldtölvurnar seljast og seljast

TÆKNI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Markaður með spjaldtölvur hefur vaxið gríðarlega hratt síðan í janúar 2010, þegar fyrsta iPad-spjaldtölvan frá Apple var formlega kynnt og sett í sölu. Nýr iPad, iPad Air, kemur í sölu hér á landi 1. nóvember að því er fram kom í formlegri kynningu í höfuðstöðvum Apple 22. október síðastliðinn. Nýi iPad-inn verður hraðvirkari og léttari en þeir fyrri og með betri upplifunum á næstum öllum aðgerðum, að því er fram kom í kynningunni.

Samkvæmt fréttum Wall Street Journal síðastliðinn þriðjudag er ráð fyrir því gert að þær fjölmörgu tegundir spjaldtölva sem styðjast við Android-stýrikerfið frá Google muni í fyrsta skipti ná stærstu markaðshlutdeildinni á markaði á næsta ári. Til þessa hafa iPad-spjaldtölvurnar frá Apple verið vinsælustu tölvurnar á markaðnum og eru víða enn með yfirburðamarkaðshlutdeild, meðal annars hér á landi og víðast hvar í Evrópu. Þá hafa tölvur með Windows-stýrikerfi verið í örum vexti en eru enn órafjarri Apple og Android. Eins og sést á meðfylgjandi mynd er gert ráð fyrir að meira en 260 milljónir spjaldtölva verði framleiddar og seldar á árinu 2014. Það er vöxtur um ríflega 200 milljón tölvur sé mið tekið af árinu 2011 en þá voru 60 milljónir spjaldtölva framleiddar og seldar.

Vaxandi spjaldtölvumarkaður

Framleiðsla á heimsvísu


2011

Aðrir
3,1 milljónir eintaka
5,2% markaðshlutdeild

iOS
39,2 milljónir eintaka
65,3% markaðshlutdeild

Android
17,7 milljónir eintaka
29,5% markaðshlutdeild

Samtals
60 milljónir eintaka



2014
áætlað

Windows
8,9 milljónir eintaka
3,4% markaðshlutdeild

iOS
124,3 milljónir eintaka
47,2% markaðshlutdeild

Android
130,1 milljónir eintaka
49,4% markaðshlutdeild

Samtals
263,2 milljónir eintaka



Lögreglan kemst upp með allt – það er vandamálið

TYRKLAND
Jón Ólafsson
Höfundur er
heimspekingur og
prófessor við Háskólann
á Bifröst



Smelltu til að horfa
á potta og pönnur í
Tyrklandi

Til að komast frá gamla bænum og yfir á Taksim-torg er best að taka fyrst spurvagn og svo toglest. Hún fer ekki nema eina stöð, upp snarbratta hlíðina. Endastöðin opnast inn á Taksim-torg. Gezi-garðurinn er við austurenda þess. Ég litast um á torginu dag einn í september. Það er dagur eins og hver annar og hér örlar ekki fyrir hausti. Hitinn nærri 30 stigum.

Áberandi ungir

Lögregluliðið stendur allt við norðurenda torgsins. Lögreglumennirnir eru vel vopnum búinir en áberandi ungir. Sumir virðast varla vera yfir tvítugu. Stendur eitthvað til? Maður veltir því fyrir sér um leið og við göngum hjá. En drengirnir eru sallarólegir og enginn gerir athugasemdir við myndatökur.

Snemma kvölds er ég búinn að mæla mér mót við Filiz og Chris. Við hittumst við Gezi-garðinn og svo göngum við heim til þeirra. Þau búa skammt frá í stórri og rúmgóðri kjallaraíbúð. Filiz flutti til Istanbul frá suðausturhluta Tyrklands fyrir tíu árum. Hún vinnur fyrir sér sem grafískur hönnuður en hefur líka starfað sem ljósmyndari og kennt ljósmyndun. Hún kemst ágætlega af og kann vel við sig í Istanbul. Reyndar svo vel að hún vill hvergi annars staðar vera, að minnsta kosti á meðan hún býr í Tyrklandi. Chris er frá Ástralíu.

Þegar við höfum setið nokkra stund fer fleira fólk að tínast inn í kjallaraíbúðina. Þetta eru vinir og kunningjar – öll hafa þau tekið þátt í mótmælunum undanfarna mánuði. Sumir urðu aktívistar í einni skyndingu – svona eins og á Íslandi eftir hrunið: Einhver mætti á fund, ræddi um eitthvað, gaf kost á sér í eitthvað og sá sig svo kenndan við forystu í blöðunum daginn eftir.

Mótmælafundur

Þegar við förum að ræða atburði dagsins átta ég mig á að slegið hefur í brýnu á milli lögreglunnar og mótmælenda síðdegis. Þau halda jafnvel að enn sé mótmælafundur á Taksim-torgi. Ástæðan var dauðsfall ungs manns í nágrenni sýrlensku landamæranna.



Murat

Átökin eiga sér miklu dýpri rætur en deilan um Gezi-garðinn.

Lögreglan kemst upp með allt, segir Filiz. Lögreglumenn gætu vel hafa drepið manninn – eða ekki. Það er ómögulegt að segja, enginn trúir því sem lögreglan segir. Nokkrar útgáfur eru á kreiki um dauðdaga mannsins. Samkvæmt einni þeirra á hann að hafa verið barinn í höfuðið með gaskút en samkvæmt annarri fallið fram af þaki – eða verið hrint.

Fyrir utan Chris er Berke sá eini í hópnum sem hefur búið annars staðar en í Tyrklandi. Hann lærði kvikmyndagerð í Frakklandi en starfar ekki við það. Hann segist vera marxisti og að margir þeirra sem taki þátt í mótmælunum séu marxistar. En þetta er fjölbreyttur hópur – þar eru líka íslamistar og anarkistar og svo bara fólk sem er orðið þreytt á ástandinu

hér, vill sjá breytingar.

En hvað vill fólk að breytist? Istanbul er risastór borg sem hefur eins og nokkrar aðrar borgir í Tyrklandi þanist út á undanfórnum árum. Tyrkir eru ekki í sömu vandræðum og nágrannar þeirra Grikkir, eða Spánverjar. Atvinnulífið er á fullri ferð og ungt fólk upplifir ekki það vonleysi sem því miður er allt of algengt í mörgum Evrópulöndum. En þessi framþróun er þó málum blandin. Stjórnvöld eru ónæg fyrir breytingum á viðhorfum og lífsstíl sem efnahagsleg framþróun hefur í för með sér. Þau halda að það sé á sama tíma hægt að auka hlut íhaldssamra hefða og trúarinnar og leyfa fólki að verða efnahagslega sjálfstætt. Hópurinn hjá Filiz er lýsandi dæmi um hve fjarstæðukennt það er.

Síminn hringir látlaust

Murat er leikari. Hann hefur verið virkur í að skipuleggja mótmæli og fundi og í kvöld hringir síminn hans látlaust. Þegar líður á kvöldið segir hann að fundurinn á Taksim-torgi sé að leysast upp. Hann hvetur mig hins vegar til að mæta á skipulagsfund í Besiktas-hverfinu daginn eftir. Þar á að leggja á ráðin um næstu skref.





Berke

Hér skildi enginn Occupy.

Chris hefur litla trú á framhaldinu. Tyrkir eru bara eins og stór og dálítið ósamlynd fjölskylda, segir hann. Fyrst hnakkrífast þeir. Svo er eins og ekkert hafi gerst. Það á ekkert eftir að breytast við þessi mótmæli í Gezi. Sannaðu til. Í mesta lagi verður fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum frestað. Mótmælin sem hófust síðastliðið vor

blossuðu upp vegna fyrirætlana um að fórnna Gezi, sem er fallegur garður í einu fjölsóttasta hverfi borgarinnar, fyrir verslunarmiðstöð.

Murat hefur allt aðra sögu að segja. Það sem er að gerast núna á sér miklu lengri forsögu, segir hann með þunga. Hér eru að koma fram andstöðuöfl í landinu sem hefur verið haldið niðri árum og áratugum saman, bæði pólitískir hópar til vinstri og menningarlegir og trúarlegir jaðarhópar. Þetta hverfur ekki svo auðveldlega.

Næsta kvöld förum við á fundinn í Besiktas. Við tökum strætó frá Taksim-torgi í áttina frá gömlu borginni og stígum út í snyrtilegu íbúðahverfi. Fundurinn er í almenningsgarði – slíkir garðar eru helstu fundarstaðir mótmælendahópa. Á fundinum eru rúmlega 150 manns. Stýrihópur er að ráða ráðum sínum og það fara fram umræður um það sem gerst hefur síðustu daga. Átökin daginn áður höfðu verið þau mestu í nokkrar vikur og spurningin er hvort halda eigi áfram að kljást við lögregluna.

Hér er fólk á þrítugsaldri mest áberandi, vel klætt, vel útlítandi og sennilega vel menntað fólk. Maður gæti verið staddur á Spáni eða í Frakklandi. Eftir nokkrar umræður leysist fundurinn upp. Sumir ætla að fara í hverfi handan Bosphorus þaðan sem fréttir berast af átökum lögreglu og mótmælenda. Aðrir ætla heim. En hér er fundað reglulega, tvisvar til þrisvar í viku.



Smelttu til að horfa
á myndband á
YouTube





Filiz
Enginn vill að átök fari úr böndunum.

Minnir á Occupy

Formið minnir dálítið á Occupy-hreyfinguna. Allir mega tala og það er enginn leiðtogi. Hreyfingin er lárétt: Allir virða sjónarmið allra og það er fyrst og fremst rætt um skipulag mótmæla og aðgerða. Berke segir að Occupy-hreyfingin hafi engan hljómgrunn fengið í Tyrklandi. Það vantaði baráttumál þá. Enginn vissi út á hvað þetta gengi. Með Gezi breyttist það.

En hvað með öll þessi ólíku sjónarmið? Hvernig getur fólk sem deilir í grundvallaratriðum látið eins og allt sé í besta lagi? Við virðum hvert annað, segir Berke. Í garðinum í Besiktas hangir tyrkneski fáninn og mynd af Atatürk þar sem fólkið hittist. Það er mikilvægt að tengja sig við það sem er óumdeilt,

segir Filiz. Fáninn og Atatürk eru óumdeild tákn. Við vitum að yfirvöld eru að bíða eftir færi til að ráða niðurlögum mótmælahópa. Það gerir þeim erfiðara fyrir að við flöggum fánanum og Atatürk.

Filiz og Chris hafa þó allan varann á. Einn daginn í sumar fengu þau reyksprengru inn á mitt stofugólf hjá sér. Þau hafa ekki mikinn áhuga á að átök fari úr böndunum eða breiðist út. Enginn hefur áhuga á því, segir Filiz. En eitthvað verður að láta undan.

MIÐMÆLANDI VIKUNNAR Hildur Sveinisdóttir borgarfulltrúi

Stjórnsmál og fantasía- ur í öndvegi



Deildu með
umheiminum



Hildur Sverrisdóttir, lögfræðingur og borgarfulltrúi, gekk í Sjálfstæðisflokkinn skömmu eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008. Hún er líklega í fámennum hópi fólks sem gerði það. Traust almennings gagnvart Sjálfstæðisflokknum var afar lítið í samanburði við það sem áður hafði verið, eftir hrunið. Fólk hraktist frá flokknum frekar en að ganga til liðs við hann.

Skömmu fyrir hrunið hafði Hildur fest kaup á fallegri lítilli íbúð við Ásvallagötu í gömlu verkamannabústöðunum. „Ég náði að ganga frá kaupunum rétt áður en fasteignamarkaðurinn hrundi, í janúar 2008,“ segir Hildur áður en hún hellir upp á kaffi og lítur út um gluggann, sem telst vera bæði eldhús- og stofugluggi. Í bakgarðinum er stórt og fallegt „grænt“ svæði. Dæmigert dýrmætt borgarsvæði, eins og vin innan um þetta byggð húsa. „Mér líður afskaplega vel hérna, þetta er góður staður í góðri borg.“

Breytt landslag

Svo fór að Sjálfstæðisflokkurinn fékk verstu kosningu sem hann hefur fengið í kosningunum vorið 2009, 23,7 prósent. Flokkurinn tapaði tíu þingmönnum og 12,9 prósentustigum frá kosningunum 2007, árinu þegar allt var sagt vera í blóma en var það ekki í reynd. Mesta efnahagsbólga sem myndast hefur í mannkynssögunni, í það minnsta að mati margra, var þá útþanin og við það að springa framan í þjóðina.

Hildur segir að hrunið hafi haft afgerandi áhrif á hana eins og aðra Íslendinga. Hún segist hafa ákveðið að leggja mikið á sig við að gera gagn. „Ég skynjaði hlutina þannig að margir væru að reiða sig á hið opinbera til þess að leiða okkur út úr þessum ógöngum sem við vorum komin í. Ég horfði þveröfugt á þessi mál í samanburði við marga aðra og ákvað að byrja að taka þátt í stjórnámum og reyna að hjálpa til við að gera þau betri og styðja þvert á móti ekki við ríkisvæðinguna heldur frekar við kraft, frumkvæði og sjálfsbjargarviðleitni einstaklinga. Ég sé alls ekki eftir því og þetta hefur verið einkar ánægjuleg og góð lífsreynsla,

Þessi þátttaka í stjórnmalastarfi Sjálfstæðisflokksins,“ segir Hildur.

Hvar er baklandið?

Hún er nú á leið í prófkjör fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík sem fram fer 16. nóvember. Hún tók formlega við sem borgarfulltrúi flokksins eftir að Gísli Marteinn Baldursson ákvað að hverfa af vettvangi stjórnmalanna og snúa aftur í fjölmiðlastarf hjá RÚV, þar sem hann starfaði áður.

Hildur segist ekki hafa hugmynd um hvar hún sé staðsett innan Sjálfstæðisflokksins nú þegar prófkjörið er fram undan.

Bakland þeirra sem taka þátt í prófkjörum skiptir máli og það eru alltaf einhver „lið“ sem styðja ákveðna frambjóðendur fremur en aðra. Ég hef oft tekið eftir þessu í blaðamannastarfinu í gegnum tíðina og stundum eru átökin hörð. Hvar ert þú staðsett þegar að þessu kemur í Sjálfstæðisfloknum, því þar eru svo sannarlega „lið“ sem berjast?

„Ætli ég sé ekki einhvers staðar meira frjálsslynd en íhaldssöm,“ segir Hildur og hlær við. „En satt best að segja er ég ekkert að velta þessu fyrir mér, það er hvort einhverjir tilteknir hópar styðji við mig eða einhvern annan frekar. Ég trúi því að fólk í stjórnmalum sé fyrst og fremst dæmt af verkum sínum. Ef fólk er heiðarlegt, leggur sig fram og er með skýra sýn í þeim málaflokkum sem pólitískt starf þess fellur innan eru mestar líkur á að það geri gagn fyrir samfélag sitt og að kjósendur treysti því, í staðinn fyrir að vera of upptekið af því hverjir eru að styðja það. Annars er hætt á að maður fari að haga málflutningi sínum eftir því. Í stjórnmalum á maður bara að segja hátt og skýrt hvað manni finnst og einhverjum hugnast það þá og öðrum ekki. Ég held í þessi gildi og ætla að halda því áfram. Borgarmálin eru mér mikið hjartans mál. Reykjavíkurborg er á margan hátt einstakur vettvangur fyrir stjórnmalastarf. Þar mætast allir helstu pólitísku skurðpunktarnir. Samfélagslegt hlutverk borgarinnar er gríðarlega umsvifamikilið. Leikskóla- og grunnskólustarf, skipulagsmál, umhverfismál og margs konar rekstur á litlum

„Í stjórnmalum á maður bara að segja hátt og skýrt hvað manni finnst og einhverjum hugnast það þá og öðrum ekki.“



Hjartans mál

„Borgarmálin eru mér mikið hjartans mál. Reykjavíkurborg er á margan hátt einstakur vettvangur fyrir stjórn mála- starf. Þar mætast allir helstu pólitísku skurðpunktarnir,“ segir Hildur.

og stórum fyrirtækjum sem borgin kemur að gerir þennan vettvang að stærsta pólitíska sviði landsins í mínum huga. Reykjavíkurborg kemur öllum Íslendingum við og þróun borgarinnar á næstu árum er gríðarlega mikilvægt verkefni sem mun skipta miklu máli fyrir Ísland. Ég get alveg viðurkennt að ég áttaði mig ekki á því hvað starfsemi Reykjavíkurborgar er margslungin áður en fór að starfa hjá borginni, fyrst sem varaborgarfulltrúi og síðan sem borgarfulltrúi. Ég lít svo á að skipulagsmálin séu lífæðin í starfinu sem borgarfulltrúarnir sinna. Þau tengjast öllu starfi og hafa djúpstæð áhrif til framtíðar litið á allar hliðar samfélagsins; lýðheilsu og íbúasamsetningu í hverfum þar á meðal. Ég hef komið mikið að þessum málaflokki og tel Reykjavíkurborg um margt vera á réttri leið en það má gera betur. Auk þess þurfa þessi mál alltaf að vera í skoðun og gerjun.“

„Fólk sem er kjörið til ábyrgðarstarfa í stjórnámálum verður að geta byggt starf sitt á stefnu sem kjósendur skilja og geta nálgast. Það er ansi stutt í lýðskrumið annars.“

Bylting Besta flokksins

Það verður ekki annað sagt en að Hildur hafi stigið inn á pólitískt svið í Reykjavík sem var gjörbreytt frá því sem áður var, eftir kosningarnar 2010. Jón Gnarr, einn vinsælasti útvarpsmaður og skemmtikraftur landsins um árabil, kom, sá og sigraði og endaði sem borgarstjóri eftir ævintýrlegan kosningasigur Besta flokksins. Flokkurinn fékk sex borgarfulltrúa og 34,7 prósent fylgi, ríflega prósentustigi meira en Sjálfstæðisflokkurinn. Þrátt fyrir oft á tíðum harkaleg átök innan borgarstjórnar á kjörtímabilinu hefur Besti flokkurinn ekki misst flugið samkvæmt skoðanakönnunum. Í byrjun vikunnar mældist hann með 37 prósentu fylgi í skoðanakönnun Capacent.

Jón Gnarr var í viðtali við Kjarnann 3. október síðastliðinn. Þar sagðist hann vera „hættulegastur“ þegar kæmi að stjórnámálunum í borginni. Hann sagði Sjálfstæðisflokkinn ekkert vita hvernig ætti að ná honum niður af stallinum sem vinsælasti stjórnámálamaður í Reykjavík. Mér finnst blasa við að spyrja; er þetta rétt hjá borgarstjóranum?

„Já og nei. Besti flokkurinn hefur gert margt vel og það er ekki heillavænlegt að langa til að loka augunum fyrir því. Besti flokkurinn vann ótrúlegan kosningasigur út á það að hafa ekki neina eiginlega pólitíska stefnu. Það er lýsandi fyrir það ástand sem var hér eftir hrúnið, að þetta hafi gengið svona vel í kosningunum. Til lengdar finnst mér þetta hins vegar vera alvarlegt mál. Fólk sem er kjörið til ábyrgðarstarfa í stjórnámálum verður að geta byggt starf sitt á stefnu sem kjósendur skilja og geta nálgast. Það er ansi stutt í lýðskrumið annars. Borgarstjórinn og Besti flokkurinn hafa lagt áherslu á að embættismannakerfi borgarinnar fái að vinna sína vinnu og mér hefur fundist áherslan oft vera sú að það sé hreinlega látið um alla vinnuna. En til hvers er þá starf borgarfulltrúanna og stjórnálanna? Á það bara að vera þægileg ábyrgðarlaus innivinna á enn einni skrifstofunni í kerfinu? Vissulega er embættismannakerfi Reykjavíkurborgar skipað hæfu og reynslumiklu fólki sem vinnur gott starf en lýðræðislegt skipulag stjórnkerfis borgarinnar gerir

Breytt viðhorf

„En ef það er verið að reyna að breyta með lögum eingöngu, án þess að viðhorfsbreyting verði samhlíða, þá verðum við alltaf í vanda.“

ráð fyrir metnaðarfullri og skýrri sýn stjórnmalamanna. Þeir eiga að ráða f6r og f6lk k6s þá þess vegna. Það má ekki gefa þetta hlutverk eftir. Það má ekki taka p6litíska ábyrgð úr p6litíkinni því sú ábyrgð er það sem skilur störf stjórnmalamanna frá störfum annarra. Ef við sleppum henni getum við alveg eins haft kerfi þar sem embættismenn reka borgina eftir skoðanakönnunum. Það er nefnilega óþarfi að hafa borgarfulltrúa sem vísa ábyrgðinni yfir á aðra. Sjálfstæðisflokkurinn er rótgr6in stjórnmalahreyfing og það má vera að hann, alveg eins og allir aðrir stjórnmalaflokkar, eigi erfitt með p6litískt fyrirbæri eins og borgarstjórann sem er að þessu leyti eins og teflon. Því þegar hann vill gera vel sem stjórnmalamaður fær hann klapp á bakið fyrir það en þegar honum tekst ekki vel til sem stjórnmalamaður segist hann ekki vera stjórnmalamaður, og fær líka klapp á bakið fyrir það! Hann hefur komist upp með þetta, finnst mér. Það er svolítið erfitt að eiga við þetta, það er bara alveg rétt.“

Fantasiur meðfram stjórnmalunum

Hildur er ekki bara lögfræðingur og stjórnmalamaður heldur líka rithöfundur. Hún ritstýrði bókinni Fantasiur sem kom út hjá Forlaginu á haustmánuðum í fyrra. Í bókinni birtast persónulegar „fantasiur“ kvenna, alls 51 talsins. Fantasiurnar vöktu mikla athygli og umtal. Nákvæmar lýsingar á kynlífsfantasíum voru ögrandi fyrir ýmsa – ekki síst suma íhalds-sama bókmenntagagnrýnendur – en fyrir aðra var þetta skrásetning á því sem konur geyma í huga sínum; einfaldlega kynlífsfantasíum. Sumar hverjar eru harðar, aðrar silki-mjúkar og r6mantískar. „Þegar ég geng í burtu finn ég hvernig þeir stara báðir á rassinn á mér og ég leyfi mér að njóta þess. Þegar ég er komin í pottinn og farin að slaka á leiði ég hugann aftur að skrytna andrúmsloftinu inni í eldhúsi,“ segir í einni fantasíunni í bókinni, sem birtast undir nafnleynd en eru allar úr hugarheimi íslenskra kvenna.

Hvað fékk þig til þess að fara út í þetta verkefni?

„Ég var búin að hugsa um þessa bókahugmynd í mörg ár. Það má segja að þetta sé að hluta undir áhrifum frá

„Sem betur fer vöktu fantasíurnar athygli og mikla umræðu. Að hluta til var það tilgangurinn með útgáfunni og ég er stolt af henni og hverju hún áorkaði.“

Eve Ensler,“ segir Hildur, og vitnar þar til bandaríska rithöfundarins, leikritaskáldsins, jafnréttissinnans og listamannsins. Ensler varð heimsþekkt árið 1996 þegar leikrit hennar Píkusögur fór eins og eldur í sinu um leiksviðin í Bandaríkjunum og Bretlandi eftir að hafa verið frumsýnt á Cornelia Street Café í Greenwich Village í New York. Síðan hefur verið verið þýtt á 48 tungumál og sett á svið í 140 löndum. Ensler segist nálgast verkefni sín með einfalda speki í huga þegar kemur að konum. Hún segist gefa þeim fullkomið frelsi, það er að þær fái að hugsa það sem þeim sýnist og gera það sem þeim sýnist. „Ástæðan fyrir því að ég var handviss að það myndi skipta máli að skrásetja þessar fantasíur var sú að ég leit svo á að það væri gott fyrir konur að geta komið þeim á framfæri á sínum forsendum.“

Viðbrögðin voru þó ekki öll á þennan hátt. „Ég bjóst við miklum viðbrögðum og þau voru svo sannarlega mikil, bæði til mín persónulega og einnig í opinberri umræðu um bókina. Til dæmis féllu þau orð í gagnrýni um bókina að í henni þýddi nei ekki nei, sem var skrítið. Það er aldrei gefið til kynna neins staðar í bókinni að nei þýði ekki nei. Það er reyndar ekki eitt einasta nei í bókinni. Ég tók þessa umræðu svolítið nærri mér, enda hafði ég lengi verið í forsvari fyrir V-daginn gegn kynferðisofbeldi og þannig barist opinberlega gegn því. Ekkert í þessari bók kyndir undir kynferðisofbeldi, þvert á móti trúi ég því að með svona heiðarlegri og opin-skárrri umræðu sé auðveldara að koma skilaboðunum áleiðis um hver sé munurinn á milli réttmætra langana og óréttmæts ofbeldis.“

Hildur segist enn fremur hafa upplifað umræðu um bókina, meðal annars á opnum fundi, oft á öfugsnúinn hátt. „Ég fór á einn fund þar sem margir tóku til máls og sumir sögðu að í bókinni væri verið að setja konur í ákveðin kynlífshlutverk og í reynd verið að gera lítið úr þeim. Sumir notuðu mun stærri orð en margir viðurkenndu þó um leið að hafa reyndar ekki lesið bókina. Ég gerði grein fyrir mínum sjónarmiðum á fundinum og ég virði það við margar þeirra sem áður höfðu gagnrýnt fantasíurnar að þær báðu mig síðan afsökunar.



Stefnan skiptir máli

„Það skiptir máli að fólk geri kröfur til stjórnmálanna og „rukki“ þá ekki bara um svör við ýmsu sem er hluti af daglegum störfum hjá Reykjavíkurborg, heldur ekki síður um langtímaáherslur, pólitíska sýn og stefnumál.“

Þær höfðu notað of stór orð, misskilið bókina og fantasiurnar sjálfar. En ég hef oft hugsað um það að ef bókinn hefði ekki vakið svona mikla athygli, og verið grundvöllur umræðu um konur og rétt þeirra til þess að tjá sig, á þeirra eigin forsendum, þá hefði mér mistekist gjörsamlega. Sem betur fer vöktu fantasiurnar athygli og mikla umræðu. Að hluta til var það tilgangurinn með útgáfunni og ég er stolt af henni og hverju hún áorkaði. Svo hef ég líka fengið voða falleg skilaboð frá alls konar konum um að bókinn hafi skemmt þeim, eflt þær og jafnvel bjargað hjónabandinu. Það er gaman.“

Viðhorfsbreyting aðalatriðið

Alveg eins og fyrrnefnd Eve Ensler gerir í verkum sínum segist Hildur velta umræðu um konur mikið fyrir sér. „Ég er oft mjög hugsí yfir því hvernig jafnréttisumræða er hér á landi og líka umræða um konur yfirleitt,“ segir Hildur og er augljóslega djúpt hugsí. „Ég lít svo á að jafnréttisbaráttan þurfi fyrst og fremst að snúast um hugarfarsbreytingu.“

„Það er niður-
lægjandi fyrir
konur að vera
ekki metnar á
grundvelli þess
sem þær hafa
fram að færa.
Þær eru ekkert
síðri en karlar
þegar kemur að
almenntri hæfni
til ábyrgðar-
starfa í sam-
félagi okkar.“

Hildur segir að því miður hafi reynslan af ýmsum aðgerðum sem ætlað var að auka jafnrétti ekki verið nógu góð. Dæmi um þetta sé launamunur kynjanna. „Því miður benda rannsóknir til þess að hið opinbera standi sig verr en einkageirinn þegar kemur að því að borga sömu laun fyrir sömu vinnu. Það er óþolandi en sýnir líka að það er ekki eingöngu hægt að setja þessa hluti í réttan farveg með lögum. Það þarf meira til. Það sýnir líka reyndar að kannski ætti kerfið að skipta sér minna af einkaaðilunum, hið opinbera veit ekki allt best. Ég er ekki í nokkrum einasta vafa um að konur eru alveg jafn hæfar og karlar í öllum verkefnum samfélagsins. Þróunin er líka sú að þær eru duglegri að mennta sig eins og staðan er núna. Þær eru því alveg jafn tilbúnar til þess að taka að sér ábyrgðarstörf og karlar. En ef það er verið að reyna að breyta með lögum einum, án þess að viðhorfsbreyting verði samhliða, þá verðum við alltaf í vanda. Ég hef af því vissar áhyggjur af það sé of mikið blint traust á ágæti jafnréttis laga. Ég held að svona kerfislegt inngrip eyðileggi oft fyrir huglæga þættinum, sem er til dæmis viðhorf til kvenna. Ég hef því áhyggjur af því að með þessu kerfi sé á vissan hátt verið að gera konum bjarnargreiða. Það til dæmis sýndi sig í nýlegri skýrslu um störf innan lögreglunnar þar sem komu fram sláandi upplýsingar um að karlkyns lögreglumönnum þyki lögreglukonur ekki jafn hæfar. Í því dæmi er ekkert að lögunum, konurnar fengu vinnu sem er auðvitað gott, en þeim er brigslað um að vera þar ekki á eigin verðleikum. Það er hinn raunverulegi vandi í samfélaginu og lögin laga það ekki og gera jafnvel illt verra. Ég tel mikilvægt að muna að jafnréttislögin voru sett á tímabundið til að bregðast við ákveðnum vanda. Það er skiljanlegt að það hafi verið gert en það má ekki vera svo að þau séu ekki endurskoðuð reglulega og skoðað heiðarlega í heildarsamhenginu hvað þau geri gott og hvað vont. Nú eru liðin fimm ár síðan þau voru endurskoðuð síðast og ég tel tímabært að taka þau upp aftur. Þau mega aldrei verða eins og gagnrýnislaus trúarbrögð á auto-pilot. Það er of mikið í húfi til að leyfa því að gerast.“

VATNSMÝRIN VERÐUR DEILUEFNI Í MÖRG ÁR ENN

Flugvöllurinn er í Vatnsmýri hefur verið þrætuepli á hinu pólitíska sviði, þvert á flokka. Sitt sýnist hverjum um hvort flugvöllurinn eigi að vera áfram í Vatnsmýri eða víkja fyrir byggð og þéttingu byggðar í Reykjavík.

Viltu að flugvöllurinn fari eða verði áfram í Vatnsmýri?

„Fyrir það fyrsta, þá þarf að bera virðingu fyrir skipulagsvinnunni sem allir borgarfulltrúar hafa átt aðkomu að og þar með allir flokkar. Það að taka einfalda afstöðu með eða á móti þegar kemur að stórum skipulagsmálum er oft ekki skynsamleg leið, að mínu mati. En stóra myndin þegar kemur að Reykjavíkurborg er þessi: Við stöndum frammi fyrir því að Reykvíkingum mun fjölga um tugi þúsunda á næstu árum og áratugum og það þarf að taka ákvörðun um hvar þetta fólk á að búa og hvernig byggðin í borginni á að þróast. Það er hægt að þetta byggðina eða halda áfram að stækka borgina til Austurs. Þetta eru valkostirnir til lengri tíma litið.“

Sjálfstæðisflokkurinn hefur í síðustu tvennum sveitarstjórnarkosningum lofað því að byggja í Vatnsmýri, mér finnst það gleymast oft. Ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegra fyrir Reykjavík að þetta byggðina fremur en að þenja hana út. Og mér finnst skrytið að ætla sér að horfa ekki til Vatnsmýrarsvæðisins í þeirri vinnu, vegna þess að það er stærsta og áhrifamesta svæðið svo allir kostir þéttrar byggðar fái að njóta sín almennilega í sambylí með dreifbýlli kjörnum sem fá þá áfram að njóta sín á sínum forsendum. Þannig verða til alvöru valkostir um mismunandi búsetuform í borginni. Til framtíðar litið er þetta gríðarlega mikilvægt hagsmunamál fyrir Reykjavík. Með það í huga tel ég því að það eigi að finna flugvellinum betri stað, þar sem öryggi og þjónusta við landsbyggðina er ekki á neinn hátt verri. Það er engin ástæða til annars en að líta svo á að það sé vel hægt. Til þess þarf bara samstarfsvilja.“

Hildur nefnir sem dæmi stjórnarsetu í fyrirtækjum. „Það var sett í lög að ákveðið hlutfall stjórnarmanna í fyrirtækjum þyrfti að vera konur. Meiningin með þessu er góð en það sem skiptir samt máli er þessi viðhorfsbreyting. Ég fékk símhringingu á dögnum þar sem mér var boðið sæti í stjórn fyrirtækis. Það var sérstaklega nefnt við mig að mér væri boðið þetta því það þyrfti að vera kona sem tæki sætið, svo að lög væru nú uppfyllt. Er þetta rétt upplegg? Mér finnst það ekki. Ég vil frekar fá sæti í stjórn af því að ég sé frábær, en ekki bara af því að ég sé kona. Viðhorfsbreyting í þá veru er það sem öllu skiptir í jafnréttisbaráttunni og það er vont ef lagasetning brenglar það viðhorf. Það er niðurlægjandi fyrir konur að vera ekki metnar á grundvelli þess sem þær hafa fram að færa. Þær eru ekkert síðri en karlar þegar kemur að almennri hæfni til ábyrgðarstarfa í samfélagi okkar. Því hraðar sem almenn og óþvinguð viðurkenning á því næst, þeim mun betra.“




Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á www.unicef.is

unicef 



Rafhlöðubílar eru framtíðarbílar

Það er orðið nokkuð útbreiddur sannleikur að framtíðarbílar munu ekki fljúga, ganga fyrir rusli eða ferðast í tíma eins og DeLorean-bifreið prófessorsins í Back to the Future-þríleiknum frá níunda áratugnum. Í það minnsta ekki alveg strax.

Nýjasta tæknin á götum framtíðarinnar er rafknúnir bílar sem reiða sig ekki á níðþungar rafhlöður í gólfi bílsins, eins og rafknúnir bílar gera núna, heldur geyma rafmagnið í yfirbyggingunni. Á sérsmíðaðar koltrefjaplötur eru fest lög örrafhlaða og ofurþetta (e. supercondensers). Volvo hefur nú smíðað frumgerð af S80-bíl sem notar þessa nýju tækni í vélarhlífinni og farangursgeymslulokinu.

Nýju koltrefjaspjöldin eru ekki aðeins fljótari en venjulegar rafhlöður að hlaðast heldur léttari, sterkari og sveigjanlegri. Framleiðslan er einnig talin vera ódýr og umhverfisvæn. Vísindamenn við Imperial College London sem hafa stjórnað rannsóknum á nýju rafhlöðunum segja að tæknin muni létta venjulega rafmagnsbíla um 15 prósent. Í framtíðinni verði jafnvel hægt að létta bílana enn frekar.

Það er hins vegar langt í að við komumst frá Reykjavík til Akureyrar á svona bíl því væru hurðir, þak og vélarhlíf smíðuð með nýju tækninni kæmist bíllinn aðeins 128 kílómetra á einni hleðslu. **BPB**

Kokkur eða rokkstjarna





Magnus Nilsson
lýsir hugmyndum
sínur

Ungur sænskur stjórnukokkur hefur tekist á hendur það mikla verk að setja á bók alla matarhefð Norðurlanda. Bókin verður gefin út á ensku af stóru bresku forlagi og sold um allan heim. Hann hvetur fólk alls staðar að á Norðurlöndunum til að leggja sér lið. Íslendingar ættu að hlýða kalli hans. Kokkurinn heitir Magnus Nilsson og vegna ástríðu sinnar fyrir viðfangsefninu vill hann safna saman eins miklum fróðleik og hann getur um norrænan mat, uppskriftum, sögum og öllu öðru sem tengist matargerðarlist og menningu Norðurlanda. Hægt er að fara inn á vefsíðuna www.thenordiccookbook.com og kynna sér verkefnið nánar.

Magnus Nilsson fyllir hóp þeirra erlendu stórstirna sem kölluð eru Íslandsvinir. Hann hefur komið hingað og von er á honum aftur. Það sem dregur Magnus hingað er íslenskur matur. En hver er saga þessa manns?

Uppi í eyðilegu fjallendi í Jämtland í Svíþjóð er einn merkilegasti veitingastaður í heimi. Þrátt fyrir að vera langt úr alfaraleið er Fäviken Magasinet í 34. sæti yfir bestu veitingastaði í heimi samkvæmt lista tímaritsins Restaurant. NOMA í Kaupmannahöfn sat á toppi þessa sama lista þrjú ár í röð.

Hugmyndafræðin er lykillinn

Fäviken er pínulítill staður – sætunum var nýlega fjölgað úr 12 í 16 – og hann er opinn fimm kvöld í viku. Þar vinna í heildina 11 manns. Í fyrra reyndi meira en hálf milljón manna að komast þar að til að borða en aðeins 3.000 hrepptu hnossið, ef svo má að orði komast. Venjuleg máltíð fyrir tvo kostar um 130.000 krónur.

Velgengni veitingastaðarins er að miklu leyti að þakka hugmyndafræðinni. Allt skal vera úr héraði ef kostur er, villibráð og sveppir úr skógunum í kring, fiskur úr nálægum ám og vötnum og grænmeti sem sérstaklega er ræktað á staðnum. Sænskt skal það vera ef nauðsynlegt er að fara út fyrir Jämtland og ekkert hráefni er sótt lengra en til annarra Norðurlandarákja.



Heilinn á bak við þessa miklu velgengi er fyrrnefndur Magnus Nilsson. Hann nam matargerðarlistina á fínustu veitingahúsum Parísarborgar en þegar hann sneri aftur heim til Svíþjóðar var hann ekki sáttur við að halda áfram að elda franskan mat. Honum bauðst að taka við þessum litla veitingastað uppi í sveit, þar sem eini rétturinn á matseðlinum var elgskássa. Nú er ekki lengur hægt að fá slíka kássu á Fäviken en í staðinn eru komnir aðrir og frumlegri réttir.

Í breska dagblaðinu Guardian sagði í umfjöllun um staðinn fyrir skömmu að Magnus væri „skærasta stjarna norrænnar matargerðar“. Aðrir fjölmiðlar hafa jafnframt borið hann lofi.

Í sjálfskipuðu fjölmiðlabanni

Magnus Nilsson er hæglátur maður. Hann er í sjálfskipuðu fjölmiðlabanni, enda hafði einn

starfsmaður ekki undan því að svara öllum þeim fyrirspurnum og óskum um viðtöl sem honum bárust. Matarblaðamaður Kjarnans var þó svo heppinn að hitta hann yfir kaffibolla og sænskri skonsu á kaffihúsi við Södra Hamngatan í Gautaborg í Svíþjóð, en við vorum báðir staddir þar á mikilli matarráðstefnu á dögnum. Samtalið var truflað ítrekað af fólki sem þekkti Magnus og vildi eiginhandaráritun eða mynd. Það var miklu fremur eins og maðurinn væri rokkstjarna en kokkur.

Þetta er einmitt það sem Magnus hefur nú ákveðið að kúpla sig frá. Hann vill einbeita sér að matseldinni og því sem henni fylgir. Allir kokkar á Fäviken verða að kunna að rækta og veiða og við slíka iðju unir Magnus sér best. Fyrir utan auðvitað þegar hann galdrar fram kræsingar í eldhúsinu. Fyrir þá sem vilja vita meira er velgengi Fäviken lýst skemmtilega í samnefndri bók Magnusar. Hér til hliðar er tengill á myndband af Amazon þar sem höfundur lýsir hugmyndum sínum.



Umfang og eðli tælingarmála á höfuðborgarsvæðinu

PISTILL



Stefán Eiríksson
Lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Barnshvörf og barnsrán eru sem betur fer ekki algeng brot. Í þeim tilvikum sem börn hverfa af mannavöldum er í yfirgnæfandi meirihluta um að ræða deilur um forsjá á tengslum við skilnað foreldra eða sambúðarslit. Barnsrán þar sem aðili sem ekki er tengdur barninu fjölskylduböndum á í hlut eru innan við eitt prósent af heildarfjölda slíkra brota samkvæmt mati sérfræðinga alþjóðalögreglunnar Interpol. Í þeim tilvikum er engu að síður langlíklegast að viðkomandi hafi einhver tengsl við viðkomandi barn eða fjölskyldu þess, sem fjölskylduvinur, nágranni, samstarfsmaður foreldris o.s.frv. Að barn sé numið á brott af allsendis ókunnugum aðila er því afar sjaldgæft. Hvatir á bak við slík brot eru í flestum tilvikum af kynferðislegum toga en geta líka verið aðrar.

Reglubundið berast fréttir af því hér á landi að grunsemdir hafi vaknað um að ókunnugir aðilar hafi reynt að tæla börn til sín með ýmsum aðferðum. Tvö nýleg slík mál, þar sem tveir karlmenn hafa verið ákærðir fyrir slíkt, sem og kynferðisbrot gegn börnunum, eru nú til meðferðar í dómsskerfinu. Mál af þessum toga vekja eðlilega óhug meðal almennings og tilkynningar um slíkar grunsemdir eru teknar mjög alvarlega af lögreglu. Skýrt verklag er til staðar um fyrstu viðbrögð við slíkum tilkynningum og allar eru þær skráðar nákvæmlega svo unnt sé að greina málin, upplýsa þau og stöðva hugsanlega brotamenn.

Töluverður fjöldi tælingarmála tilkynntur til lögreglu


Þessar nákvæmu skráningar lögreglu á tilkynningum sem henni berast um tælingarmál gefa okkur færi á að skoða nánar tíðni og dreifingu slíkra tilvika, sem og aðrar upplýsingar sem málunum tengjast. Hjá upplýsinga- og áætlanaeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið teknar saman upplýsingar um þessi mál á tveggja og hálfis árs tímabili á höfuðborgarsvæðinu, frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2013. Á þessu 30 mánaða tímabili voru skráðar hjá lögreglu 239 tilkynningar er vörðuðu tælingu eða annað aðfinnsluvert háttalag ókunnugra gagnvart börnum yngri en 18 ára. Við nánari skoðun á þessum málum hafði meintur gerandi í 62 málum ekki reynt að fá barnið með sér en hafði þess í stað boðið því sælgæti, veifað eða bent var í áttina til barnsins eða það upplifði sig elt. Í 37 málum fundust fullnægjandi skýringar á málunum, þar á meðal tilvik sem reyndust vera hreinn tilbúningur eða uppspuni. Eftir standa 140 tilkynningar sem skilgreina má sem tælingarmál, þar sem ókunnugur fullorðinn einstaklingur reyndi að nálgast börn eða ungmenni á einhvern máta.

Hverjir tilkynna og hvenær?

Í flestum málum, eða 114 tilvikum (81,4%), eru það aðstandendur barnsins eða barnið sjálft sem tilkynna. Í 13 tilvikum (9,3%) var tilkynnandi einhver annar úr nærumhverfi barnsins, svo sem skólastjórar, kennarar, íþróttáþjálfarar o.s.frv. Í þeim þrettán málum sem eftir standa var tilkynnandi ótengdur barninu, til dæmis tilkynningar þar sem vegfarandi taldi sig hafa séð barn fara í bíl með ókunnugum. Þessi síðastnefndu mál eiga það mörg sameiginlegt að lögreglu reyndist oft erfið að hafa uppi á barninu eða meintum geranda ef frekari upplýsingar fylgja ekki.

Að meðaltali eru þetta 4-5 tilkynningar í mánuði. Flestar hafa þær verið 11 í mars 2011 en þær hafa farið niður í eina tilkynningu í mánuði fjórum sinnum á þessu tímabili. Dreifing tilkynninga eftir mánuðum er breytileg en þó má sjá að þær eru fæstar í desember, janúar, júlí og ágúst. Oft fjölgar tilkynningar að vori þegar birtir og hlýnar og fleiri börn eru á ferðinni, en svo fækka tilkynningum aftur þegar sumarfrí eru í skólum.

TILKYNNINGAR UM TÆLINGAR EFTIR MÁNUÐUM



Tímasetning og nánari staðsetning tilvika

Tælingarmálin eiga sér yfirleitt stað á virkum dögum, flest átta sér stað á fimtudegi (32) eða þriðjudegi (30) en fæst á sunnudögum, föstudagsins. Þegar skoðað er hvenær sólarhrings atvikin áttu sér stað kemur í ljós að rúm 57% þeirra gerðust milli hádegis og kl. 18 og rúm 32% þeirra millieftir kl. 18 og fram til miðnætis. Rúm 10% brota áttu sér stað milli miðnætis og hádegis. Þessi dreifing endurspeglar í raun þann tíma sem líklegt er að börn séu mest á ferðinni og þá jafnvel ein á ferð, s.s. á leið heim úr skóla eða tómstundastarfi.

Dreifing atvika eftir sveitarfélögum og hverfum á höfuðborgarsvæðinu sýnir að fjöldi tælingartilkyninga er mjög mismunandi. Svæðin eru misfjölmenn og hlutfall yngri en 18 ára af íbúafjölda misstórt. Á þeim svæðum þar sem tilkynningar eru fæstar er einungis ein tilkynning (s.s. Kjalarnef og Álftanes) en þær eru 10-14 á svæðum þar sem þær eru flestar.


DREIFING TÆLINGARTILKYNNINGA EFTIR PÓSTNÚMEREI VETTVANGS

| Pnr. | 101 | 103 | 104 | 105 | 107 | 108 | 109 | 110 | 111 | 112 | 113 | 116 | 170 | 200 | 201 | 203 | 210 | 220 | 221 | 225 | 270 | Alls |
|------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|------|
| 2011 | 2 | 4 | 4 | 1 | 4 | 7 | 3 | 7 | 7 | | | | 5 | 2 | 2 | 3 | 8 | 3 | | | | 62 |
| 2012 | 2 | 1 | 3 | 2 | 2 | 1 | 5 | 5 | 4 | 3 | 1 | 2 | 4 | 2 | 2 | 1 | 3 | 6 | | | 1 | 50 |
| 2013 | 1 | | 1 | 2 | 2 | 5 | 1 | 2 | 2 | 1 | 1 | 2 | 1 | 4 | 2 | 1 | 3 | 4 | 1 | 1 | | 28 |
| Alls | 5 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 8 | 13 | 13 | 13 | 5 | 1 | 3 | 10 | 6 | 4 | 5 | 14 | 13 | 1 | 2 | 140 |

Hinn dæmigerði gerandi er karlmaður einn á ferð á bíl

Upplýsingar um fjölda og kyn geranda lágu fyrir í 113 málum af 140. Í langflestum tilvikum (101) var gerandi talinn einn á ferð (82%), í 23 var talað um tvo einstaklinga (17,3%) og í níu málum voru þeir 3-5 talsins. Í 123 tilvikum (92,4%) var gerandi karlkyns, í þremur tilkynningum var talað um karl og konu og í 7 tilvikum var gerandi kona (5,2%). Upplýsingar um kyn þolenda voru skráðar í 132 málum og aldur þeirra í 126 málum. Í 58 (43,9%) málum voru þolendur drengir og í 70 málum (53%) stúlkar. Auk þess voru bæði drengur og stúlka í fjórum málum. Þegar aldursdreifing barna í málunum er skoðuð sést að yngsta barnið er fjögurra ára en það elsta er sautján ára. Flestar tilkynningar koma vegna níu, sjö og átta ára barna en þær eru einnig nokkuð margar vegna barna á aldrinum 10-13 ára.

ALDUR BARNNA Í TÆLINGARMÁLUM



Í flestum málum (126) er talað um að gerandi sé á ökutækni. Lýsingarnar á ökutækjunum eru þó mjög misjafnar, allt frá því að vera nánast engar yfir í mjög nákvæmar lýsingar auk bílnumers. Ekki er unnt að lesa ákveðið mýnstur út frá þessum lýsingum en þær hafa þó verið mjög hjálplegar í mörgum málum og orðið til þess að þau upplýstust. Sama á raunar við um lýsingar á gerendum; þær eru oftast en ekki af skornum skammti en hafa líkt og lýsingar á ökutækni skipt miklu máli í nokkrum tilvikum við rannsóknir málanna.

Nánari greining atvika og flokkun eftir alvarleika

Langflestar tilkynningar sem berast af þessum toga snúast sem betur fer um atvik þar sem ekki tókst að lokka barnið til fullorðna einstaklingsins, inn í bíl eða annað. Vel hefur verið staðið að því í skólum hér á höfuðborgarsvæðinu og af hálfu foreldra og fleiri að leiðbeina börnum um hvernig bregðast eigi við slíkum tilvikum. Viðbrögð þeirra koma sem lenda í slíkum aðstæðum eru því ótrúlega hátt. Þess vegna er burtu og láta einhvern fullorðinn sem þau treysta vita af atvikinu.

Í því skyni að ná sem best utan um þessi mál eru þau flokkuð í þrjá flokka eftir alvarleika máls. Þessi nánari greining sýnir að í 112 tilvikum, eða 80% allra málanna, er um að ræða tilvik þar sem gerandi hafði boðið barninu far eða reynt að fá það með sér án þess að snerta barnið eða reyna að þvinga það á nokkuð hátt.

Í annan flokk eftir alvarleika mála falla tilvik þar sem barnið var snert, gripið í það, það elt eða fengið til að fylgja geranda án þess þó að reynt væri að brjóta á því kynferðislega, atvik þar sem fullorðinn er með kynferðislega tilburði eða orðalag við barn eða vísitandi var reynt að blekkja barnið með því að segja því að móðir þess hefi slasað sig og barnið ætti að koma með viðkomandi. Alls voru slíkar tilkynningar 25 talsins, eða 17,8% málanna.

Í þriðja flokk fóru síðan mál þar sem börn voru tekin, farið með þau í burtu og brotið gegn þeim á einhvern hátt kynferðislega og voru þau mál þrjú á þessu tímabili, eða 2,1% af heildarfjölda málanna. Í tveimur málum var hinn grunaði handtekinn og ákærður í kjölfar ítarlegrar rannsóknar og eru þau mál nú til meðferðar í dómsskerfinu. Í þriðja málinu sem kom upp á síðasta ári er gerandi óþekktur en málið kom ekki til kasta lögreglu og þar með til rannsóknar fyrir en mörgum mánuðum eftir atvikið.

Hvað þarf að hafa í huga og hvernig á að bregðast við?

Framangreindar upplýsingar varpa ágætu ljósi á tíðni þessara tilvika á höfuðborgarsvæðinu á undanföllum misserum. Jafnframt staðfesta þær að börnin okkar eru vel meðvituð um þetta og þá hættu sem felst í því að fara í burtu með ókunnugum aðilum, í ljósi þess að í yfirgnæfandi meirihluta þeirra tilvika bregst barnið rétt við aðstæðum og fer í burtu. Mikilvægt er að foreldrar og aðrir séu meðmál og mynduð og upplýst barna séu meðvituð um þessa stöðu og fræði börnin um þessa hættu og hvernig rétt er og eðlilegt að bregðast við komi slíkar aðstæður upp. Leggja þarf áherslu á að börn fari aldrei í burtu með ókunnugum, þar á meðal upp í bíl. Lendi barn í slíkum aðstæðum að reynt sé að tæla það inn í bíl eða annað eigi það að koma sér strax í burtu, en reyna um leið að taka eftir atríðum sem máli skipta og segja fullorðnum einstaklingi sem það treystir, til dæmis foreldrum eða kennurum, strax frá.

Það er mikilvægt fyrir lögreglu að fá strax í upphafi upplýsingar til að vinna eftir. Þess vegna skiptir máli að þær upplýsingar sem tiltækar eru séu góðar. Það er því ágæt rekja að þjálfara atvildisgáfu barna með því að kenna þeim að þekkja bílnúmer og hvetja þau til að leggja þau sérstaklega á minnið lendi þau í einhverjum óþægilegum aðstæðum, sem og lit bílsins og gerð. Þetta er til dæmis unnt að gera í lengri og styttri ökuferðum og jafnvel gera úr þessari þjálfun skemmtilegan leik.

Ef grunsemdir vakna um að barn hafi lent í aðstæðum sem hér hefur verið fjallað um er mikilvægt að hafa strax samband við lögreglu með því að hringja í 112. Lögreglan bregst strax við slíkum tilkynningum enda eru mál af þessum toga litin alvarlegum augum og skjót viðbrögð auka líkurnar á því að unnt sé að upplýsa mál og stöðva hugsanlega brotamenn.

Í þessari umfjöllun hefur ekki verið horft til þeirra tilvika þar sem ókunnugir aðilar hafa reynt að tæla börn eða samtíð í samband við börn í gegnum netið, til dæmis með notkun samfélagsmiðla eða samskiptaforrita. Slík tilvik verða sífellt algengari og því er nauðsynlegt fyrir foreldra og aðra að vera vel meðvitaðir um hættur og viðbrögð á þeim vettvangi. Þá er ekki síður mikilvægt að hafa í huga að kynferðisbrot gegn börnum eru í fæstum tilvikum framin af ókunnugum, utan-aðkomandi aðilum. Flest brotin eru framin af einstaklingum sem barnið þekkir vel og treystir og tengist oftast en ekki fjölskylduböndum. Að þeim hættum er einnig afar mikilvægt að huga í öllu forvarnarstarfi á þessu sviði.

Þversögn norðurslóða

ÁLIT
Þórunn Sveinbjarnardóttir
Fyrirverandi
umhverfisráðherra



Framtíð norðurskautsins er heitasta umræðuefnið á alþjóðavettvangi um þessar mundir. Hugsanleg opnun nýrra siglingaleiða og nýting auðlinda í jörðu ráða mestu um áhuga ríkja og alþjóða-fyrirtækja á svæðinu. Jafnt forsætisráðherrar sem forstjórar stórfyrirtækja renna hýru auga norður á bóginn og margir telja það einungis tímaspursmál hvenær þeir verði farnir að mala gull undir ísbreiðum Grænlands-jökuls eða hafsbötni Drekasvæðisins, svo að tvö nærtæk dæmi séu nefnd. Ef marka má ummæli ýmissa forkólfa úr athafnalífi, bæði hér og erlendis, efast menn ekki um að náttúruauðafi norðurslóða eigi eftir að gera þá – og væntanlega fólkið sem býr á svæðinu – moldríka. Minna ber hins vegar á umfjöllun sömu manna um ástæður þess að nýjar siglingaleiðir við ísjaðar norðurskautsins kunni að opnast á næstu áratugum eða hvers vegna það geti svarað kostnaði að bora eftir olíu og gasi norðan heimskautsbaugs.

Á góðri leið í þungavigt

Norðurskautsráðið er samstarfsvettvangur ríkjanna átta sem liggja á norðurslóð. Ráðið er á góðri leið með að verða þungavigtarstofnun sem fjarlæg lönd vilja eiga aðgang að. Nýfengin áheyrnaraðild Indlands, S-Kóreu, Japans, Singapúr, Ítalíu og Kína ber þess glöggt vitni. Norðurskautsráðið hefur hvorki yfirþjóðlegt né formlegt vald en í starfi sínu hefur það lagt ríka áherslu á verndun umhverfis og að hlúa að blómlegu mannlífi á norðurheimskautssvæðinu. Alþekkt er að náttúrufar og dýralíf norðurslóða er afar viðkvæmt fyrir mengun og breytingum á vistkerfinu. Það sama má segja um menningu veiðisamfélaga inúíta á svæðinu. Það er því engin tilviljun að Norðurskautsráðið stóð fyrir gerð fyrstu svæðisbundnu rannsóknarskýrslunnar um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum fyrir tæpum áratug. Niðurstöður hennar vöktu heimsathygli enda sýndu þær að norðurskautssvæðið er miklu viðkvæmara fyrir hlýnun andrúmsloftsins en önnur svæði jarðar. Þar er svæðisbundin hlýnun tvisvar til fjórum sinnum hraðari en annars staðar og því ekki að ástæðulausu að athygli vísindamanna beindist norður að „kanarífuglinum í kolanámunni“ við rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga af mannavöldum.

Eins og fólk sé almennt í afneitun

Í ljósi alls sem nú er vitað um hraða og framgang loftslagsbreytinga af mannavöldum og afleiðingar þeirra á líf mannsins á jörðinni verður að teljast einkennilegt hve sjaldan opnun nýrra siglingaleiða um norðurhöf eða vinna olíu og gass á svæðinu er sett í samhengi við þær. Það er eins og fólk sé almennt í afneitun gagnvart þeirra einföldu en ógnvænlegu staðreynd að ekkert ef þessu væri mögulegt ef ekki væri fyrir útblástur gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytinganna sem vegna hans verða. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC) hefur safnað saman rannsóknaniðurstöðum fremstu vísindamanna um allan heim síðastliðinn aldarfjórðung. Það sem áður var sterk vísbending er nú fullvissa um að styrkur koldíoxíðs (CO₂) í lofthjúpi jarðar hefur ekki verið eins mikill í 800.000 ár. Líkön vísindamannanna spá fyrir um hrikalegar afleiðingar hlýnunar á lífsskilyrði mannkyns á þessari öld. Eina leiðin til þess að koma í veg fyrir þær er að draga stórkostlega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Það er best gert með miklum samdrætti í brennslu jarðefnaeldsneytis.

Eitt er að hugsa sér gott til glóðarinnar vegna hugsanlegrar opunar nýrra siglingaleiða og möguleikunum sem þær kunna að skapa á Íslandi. Það er að mörgu leyti skiljanleg afstaða, að minnsta kosti ef fólk velur að hugsa þröngt um skammtímahagsmuni sína. Sé fólk hins vegar annt um búsetuskilyrði mannkyns á jörðinni blasir við að dæmið um orkuvinnslu á norðurslóðum gengur ekki upp. Svárið við loftslagsbreytingum af mannavöldum er ekki að brenna meira jarðefnaeldsneyti. Það hlýtur að felast í aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa og meiri háttar breytingum á lífsstíl þess hluta mannkyns sem nú þegar lifir í velsæld ósjálfbærrar orkunotkunar.

Lýsandi fyrir aukinn áhuga umheimsins

Í byrjun októbermánaðar var Ísland vettvangur þriggja ráðstefna um málefni tengd norðurslóðum. Á Akureyri var meðal annars fjallað um orkuvinnslu og heimskautarétt en í Hörpu stóð forseti lýðveldisins fyrir fjölmennri ráðstefnu, svokölluðu Hringborði norðurslóða, sem spannaði flest brynustu viðfangsefni tengd norðurslóðum. Þessi fundahöld eru lýsandi fyrir aukinn áhuga umheimsins á málefninu og Ísland er í brennipunkti þeirrar athygli. Sú staðreynd er kjörið tækifæri fyrir ráðamenn hér á landi til þess að benda almenningi á þversögnina sem felst í því að fagna auknum umsvifum orkufyrirtækja norðan heimskautsbaugs um leið og fyrir liggur að til þess að forða hrikalegum loftslagsbreytingum á næstu áratugum er lítið annað í boði en að láta olíuna liggja þar sem hún er.

„Sé fólk hins vegar annt um búsetuskilyrði mannkyns á jörðinni blasir við að dæmið um orkuvinnslu á norðurslóðum gengur ekki upp.“



ARNARHVÁLL

FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐErfiðara að
skuldbinda ríkið

DÓMSMÁL

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Hömlur á ríkisábyrgð

Nýjar reglur ESA um ríkis-
ábyrgðir taka gildi 1. júlí
á næsta ári. Miklar kröfur
verða gerðar um gagnsæi
þegar kemur að ríkisaðstoð
og skuldbindingum ríkissjóðs
vegna ívilnana.

Tilkynning ESA um
breyttar reglur

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) samþykkti í gær nýjar leiðbeiningarreglur um byggðaaðstoð. Dæmi um byggðaaðstoð á Íslandi sem ESA hefur fjallað um er lög um ívilnanir til nýfjárfestinga og aðstoð hins opinbera til einstakra fjárfestingarverkefna utan þess ramma.

Í tilkynningu frá ESA er haft eftir Oda Helen Sletnes, forseta ESA, að reglurnar leggi grunn að tilkynningum íslenskra og norskra stjórnvalda til ESA um ríkisaðstoð.

Í nýju reglunum er að finna ákvæði um það hvernig ríki geta dregið upp byggðakort sem afmarkar það svæði þar sem mögulegt er að veita sérstaka byggðaaðstoð á grundvelli þess að svæðin eigi efnahagslega undir högg að sækja.

Ýtt undir fjárfestingu

Þessar reglur munu meðal annars hafa áhrif í framtíðinni á hvernig ríkið getur ýtt undir erlenda nýfjárfestingu með ívilnunum.

Samkvæmt nýju reglunum verða heimildar til að veita ríkisaðstoð til stórra fyrirtækja takmarkaðar. Er þar meðal annars vitnað til rannsókna sem sýni að „ákvæðanir stórra fyrirtækja um á hvaða svæði þau fjárfesta byggja ekki á hvaða ríkisaðstoð þau fá,“ eins og orðrétt segir í tilkynningu ESA. Þá er sérstaklega tekið fram að heimilt verði áfram að veita sértæka aðstoð til stórra fyrirtækja sem setji upp nýja starfsemi eða auki fjölbreytni þeirrar sem fyrir er.

Þá er aukins gagnsæis krafist og hinu opinbera verður skylt að birta á vefsíðu upplýsingar um ríkisstyrkina, meðal annars útlista nákvæmlega fjárhæðir og hversu mikil ívilnunin er miðað við heildarumfang fjárfestingarinnar.

Laga sig að breyttum aðstæðum

Ísland og Noregur munu þurfa að laga allar áætlanir sínar um byggðaaðstoð að nýju reglunum fyrir gildistöku þeirra hinn 1. júlí 2014.

Ríkisaðstoð við einstakar fjárfestingar hefur margsinnis verið uppspretta deilumála fyrir dómstólum, ekki síst erlendis. Oftar en ekki eru það samkeppnissjónarmið sem eru undir þar sem keppnautar fyrirtækja sem fá ívilnanir láta reyna á hvort hið opinbera sé að ganga oft langt í viðleitni sinni við að koma grunni undir nýfjárfestingu.



Má handtaka jólasveininn í desember?

ÁLIT

Póra Hallgrímsdóttir
Höfundur er lögfræðingur og starfar sem sérfræðingur og kennari í HR.



Samfélagsmiðlar hafa svo sannarlega miðlað viðhorfum fólks til umdeilda og fyrirhugaðra framkvæmda Vegagerðarinnar á Álfanesi í vikunni. Þeir sem kunna að meta orðaleiki hafa farið á kostum, Hraunavinir hafa verið „á Hrauninu“ og það hefur verið hraunað yfir Vegagerðina svo fátt eitt sé nefnt. Ein góð vinkona mín hlekkjaði á frétt um handtöku Ómars Ragnarssonar með þeirri athugasemd að það væri eins og að handtaka jólasveininn í desember eða lóna á vorin. Samlíkingin er snjöll og viðeigandi þegar um er að ræða handtöku manns vegna afstöðu hans til náttúruverndar, afstöðu sem sami maður hefur fengið viðurkenningar fyrir á opinberum vettvangi.

Handtökuheimildir

Ef við höldum okkur við þá spurningu sem kastað er fram í fyrrisögn þessarar greinar verður að líta til þess að lögreglan hefur almennar heimildir til handtöku. Í [XIII. kafla laga nr. 88/2008](#) um meðferð sakamála kemur til dæmis fram að lögreglu sé heimilt að handtaka mann sem rökstuddur grunur leiki á að hafi framið brot sem geti leitt til ákæru. Einnig er heimilt að handtaka þann sem nærstaddur er og ástæða er til að gruna um refsiverða háttsemi þegar um er að ræða uppþot eða fjölmennar óeirðir sem hafa haft eða gætu haft í för með sér líkamsmeiðingar eða stórfelld eignaspjöll.

Í [III. kafla lögreglulaga nr. 90/1996](#) kemur einnig fram að lögreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Í því skyni er lögreglu meðal annars heimilt að banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, vísa á brott eða fjarlægja fólk eða fyrirskipa brottflutning fólks af einkasvæðum. Óhlýðnist maður fyrir mælum lögreglu eins og þeim sem er lýst hér að ofan getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almennings í hættu. Heimildir til handtöku eru tilgreindar í 16. gr. laganna þar sem kemur fram að handhafa lögregluvalds sé heimilt að handtaka mann og færa á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögregla hefur aðstöðu.

Ef við lítum einungis til þessara lagaheimilda er ekki sérstaklega minnst á handtökuheimildir gagnvart jólasveininum í desember eða takmarkanir á þeim.

Meðalhóf og mikilvægi þess

Getum við stoppað við þessar handtökuheimildir og sagt að samkvæmt orðanna hljóðan sé lögreglu heimilt að handtaka hvern sem er hvenær sem er? Nei. Eins og kemur fram hér að ofan eru ýmis skilyrði sett fyrir handtöku; grunur um refsiverða háttsemi, yfirvofandi röskun á almannafríði og allsherjarreglu og svo framvegis. Í fræðunum er ljóst að svokölluð meðalhófsregla er lykilorð þegar þarf að beita opinberu valdi sem takmarkar réttindi einstaklinga með einhverjum hætti. Oft hefur verið vísað til þess að umrædd regla eigi rætur sínar að rekja til Þýskalands og í þýskum rétti var hún á 19. öld eingöngu talin gilda um störf lögreglu. Í árunna rás hefur hún hins vegar þróast með þeim hætti að hún er talin gilda um valdnotkun hins opinbera í viðtækum skilningi og er reglan til dæmis lögfest í 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Ekki er nóg með það heldur er umrædd regla einnig lögfest í fyrrnefndum lögum um meðferð sakamála og í 14. gr. lögreglulaga þar sem kemur fram að handhöfum lögregluvalds sé heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna en þeir megi þó aldrei ganga lengra í beitingu valds en þörf sé á hverju sinni. Í 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga kemur einnig fram að handhafa lögregluvalds beri meðal annars að rækja starfa sinn af kostgæfni og gæta réttisýni og ekki megi beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimili og nauðsynlegt sé til að vinna bug á mótþróu hans gegn lögmætum aðgerðum.

Réttur fólks til að tjá skoðanir sínar með mótmælum

Í mannréttindakafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem birt er í [lögum nr. 33/1944](#) koma fram ýmis réttindi borgaranna. Í svokölluðu tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar kemur til dæmis fram að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eigi rétt á að láta í ljósi hugsanir sínar. Þar kemur einnig fram að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum.

Réttur fólks til að tjá mótmæli sín er því varinn með tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og slíkan rétt má ekki skerða nema það sé nauðsynlegt og samræmist lýðræðishefðum. Við verðum að álykta að jólasveininn hafi rétt til tjáningar eins og allir aðrir, óháð trúarbrögðum eða lífsskoðunum yfirhöfuð.

Heimildir til handtöku og tjáningarfrelsi í dómum

Í íslenskum rétti hefur reynt á rétt fólks til mótmæla með ýmsum hætti í gegnum tíðina. Í nánustu fortíð verður að segja að mál svokallaðra nímennunga eða mótmæli vegna virkunarframkvæmda séu ofarlega í huga. Þar hefur reynt á hvort menn eigi að sæta refsingu vegna háttsemi sem stafar af mótmælum. Einnig hafa í gegnum tíðina komið fram mál þar sem reynir á skaðabótaskyldu íslenska ríkisins vegna lögregluáðgerða við mótmæli. Þar má af handahófi nefna Hrd. 1979, bls. 84 (einnig á bls. 104, 122 og 141) vegna mótmæla á Þjóðhátíð á Þingvöllum árið 1974 þar sem nafngreindir einstaklingar settu upp borða og dreifðu bréfum með áletruninni „Ísland úr Nató“ og „Herinn burt“. Einnig má nefna [Hrd. 65/1999](#) þar sem manni voru dæmdar skaðabætur vegna ólögmætrar handtöku hans við mótmæli þar sem verið var að taka upp sjónvarpsþáttinn Good Morning America á Austurvelli. Hér er alls ekki um tæmandi upptalningu að ræða enda væri það efni í aðra og lengri grein.

Ályktanir

Kjarni málsins er sá að hið opinbera hefur heimildir til valdbeitingar sem verður að veða á móti réttindum fólks til tjáningar. Réttindi sem hinu opinbera ber að virða samkvæmt stjórnarskrárbundnum ákvæðum og ekki má ganga lengra til þess að skerða þau en nauðsynlegt þykir.

Hagsmunir samfélagsins af því hér sé almennur friður og athafnafrelsi eru jú nokkrir. Fyrirhugaðar framkvæmdir í Gálgahrauni styðjast við bæði skipulagsákvæðanir og samninga. Hraunavinir hafa hins vegar leitað réttarlegra úrræða til að stöðva umræddar framkvæmdir, hafa fært fyrir því rök og hafa ekki hlíft sér við tjáningu mótmæla á opinberum vettvangi. Dómstólar hafa ekki skorið úr um hvort Hraunavinir hafi eitthvað til síns máls. Ekki ennþá. Kannski gerist það í jólamánuðinum.

Í samfélagi sem handtekur jólasveininn í desember er rétt að staldra við og meta hverjir hagsmunirnir eru, hvenær ástæða er til að beita valdi til að hægt sé að eyða almannafé fjárbugaðrar þjóðar í umdeildar vegafamkvæmdir þótt áður hafi verið farnar „réttar“ leiðir að ákvörðunum um slíkt. Valdbeiting er heimil ef hún er nauðsynleg. Við verðum að staldra við og meta nauðsyn. Annars verður bara lok lok og læs og allt í stáli á jóluinum.

„Valdbeiting er heimil ef hún er nauðsynleg. Við verðum að staldra við og meta nauðsyn.“



The Scottish
Government



Vill margháttað samstarf við Ísland

STJÓRN MÁL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Mikil bjartsýni ríkir hjá sjálfstæðissinum í Skotlandi um að þjóðin muni segja já við sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 18. september á næsta ári. Það kom skýrt fram í máli Angus Robertson, leiðtoga Skoska þjóðarflokksins á breska þinginu, þegar hann hélt framsögu á hádegisverðarfundum Kjarnans, Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Norræna hússins og Nexus á þriðjudag.

Hafa oft komið á óvart áður

Robertson segir engan hafa trúað því á sínum tíma að Skotar gætu fengið sitt eigið þing. Það hafi síðan gerst. Þá hafi enginn trúað því að Skoski þjóðarflokkurinn gæti komist í



„Eðlileg ríki nota ekki hryðjuverka-löggjöf gegn vinveittum ná-grönnum sínum.“

Angus Robertson, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins á breska þinginu

ríkisstjórn. Það hafi síðan gerst. Í kjölfarið hafi enginn trúað því að flokkurinn gæti náð hreinum meirihluta. Það hafi gerst í síðustu kosningum. Þeir sem trúu því ekki að Skotland geti orðið sjálfstætt ríki megi því fara að búa sig undir að verða fyrir vonbrigðum, að mati Robertsons.

Skodanakannanir eru sjálfstæðissinum reyndar ekki hliðhollar eins og er. Þeir eiga enn eftir að vinna upp stórt bil ef draumur þeirra á að verða að veruleika. Það hefur hins vegar dregið saman að undanfögnu og óákveðnum fjölgar mjög hratt. Kosningabaráttan er enn fremur ekki hafin fyrir alvöru. Robertson leggur áherslu á að baráttan snúist ekki um einhvers konar þjóðernislegt sjálfstæði, heldur borgaralegt sjálfstæði þeirra sem þar búi til að stýra sér sjálfir (e. civic not ethnic). Því til stuðnings segir hann að stuðningur við sjálfstæði mælist einna mestur hjá skoskum múslimum.

Ætla að halda í pundinu

Megininntak framsögu Robertsons og fræðimannsins Colins Fleming, sem starfar við Háskólann í Edinborg, var að skilgreina hvers konar utanríkis- og varnarmálastefnu sjálfstætt Skotland myndi hafa. Þar kom meðal annars fram að yrði Skotland sjálfstætt myndi ríkið sækjast eftir áframhaldandi veru í bæði Evrópusambandinu og NATO. Skoski þjóðarflokkurinn telur að hægt verði að nýta þá 18 mánuði sem muni líða frá kosningunum um sjálfstæði og fram að þeim tíma sem sjálfstæði verði raunverulega lýst yfir, til að semja um hvernig aðkoma Skotlands að þessum alþjóðastofnunum yrði. Á sama tíma þyrfti auðvitað að semja um hvernig skipta ætti skyldum, gæðum og öðrum tengslum við Bretland. Í framsögu Robertsons kom meðal annars í ljós að Skotar ætla sér að halda gjaldmiðlasamstarfi við Breta og halda pundinu ef ríkið verður sjálfstætt, en ekki að taka upp evru.

Ekki eðlilegt að nota hryðjuverkalöggjöf

Robertson segir í samtali við Kjarnann að sjálfstætt Skotland gæti átt í margháttuðu samstarfi við Ísland. Það myndi opna sendiskriftstofu á Íslandi og vonast til þess að Ísland myndi

gera slíkt hið sama í Skotlandi. Augljós flötur væri á miklu samstarfi í öryggis- og varnarmálum, meðal annars við landhelgis- og loftrýmisgæslu. „Því miður neitaði Bretland að taka þátt í loftrýmisgæslu NATO á Íslandi og tekur ekki þátt í landhelgisgæsluhópi NATO á norðurslóðum. Sjálfstætt Skotland sem stýrt yrði af Skoska þjóðarflokknum myndi taka svæðið sem við tilheyrum alvarlega og fylla upp í þau göt sem Bretar hafa skilið eftir sig.“

Hann hefur líka mjög skýra skoðun á beitingu Breta á hryðjuverkalöggjöf gagnvart Íslandi í bankahruninu: „Eðlileg ríki nota ekki hryðjuverkalöggjöf gegn vinveittum nágrönnum sínum.“

Sér fyrir sér samstarf á orkusviðinu

Spurður hvaða aðra samstarfsfleti hann sjái á milli landanna ef sjálfstæði Skotlands verði að veruleika segir Robertson þann mikilvægasta vera á orkusviðinu. „Skotland hefur, líkt og Ísland, gnótt af einstökum náttúrulegum endurnýjanlegum orkugjöfum og er að þróa tækni til að nýta þá varlega og með skilvirkum hætti. Skotland getur og mun þróa samstarfsvettvanga á þessu sviði. Til viðbótar, samhliða því að Ísland þróar olíu- og gasgeira sinn, getur Skotland lagt til þekkingu sína. Það samstarf gæti mögulega leitt til þess að orkukerfi landanna tveggja myndu tengjast, og jafnvel með öðrum nágrönnum okkar líka.“

Útrás innrás

ÁLIT

Birgitta Jónsdóttir
Þingmaður Pírata



I nni á Alþingi liggur samningur sem hefur lítið verið fjallað um í hinu stóra samhengi í samfélaginu okkar. Þessi samningur er haganlega saminn og inn í hann ofin falleg orð eins og mannréttindi, fullveldi, hugsjónir og friður. Ég er ekki í neinum vafa um að íslenska samninganefndin hafi staðið sig mjög vel og náð tíma-mótasamning við Alþýðu „lýð“veldið Kína. Húrra fyrir því.

Það er ekki henni að kenna að samningsþjóðirnar, bæði Ísland og Kína, munu sennilega ekki virða samninginn til hins ítrasta enda báðar þjóðir heimsþekktar fyrir að skauta á gráu svæðunum. Löglegt en siðlaust er málsháttur sem fest hefur sig í sessi hjá þeim sem meira mega sín og kunna að snúa sig úr viðjum laga eins og háll áll í stórmöskva neti, því kerfið er grisjótt, það vita allir.

Afleiðingar þess að við virðum ekki samninginn munu ekki hafa nein víðtæk áhrif á kínverskt samfélag, það er nokkuð ljóst. Við myndum ekki einu sinni vera gára í kvöldfréttum í Kína. Við erum svo agnarsmá í hinu stóra samhengi. En ef kínversk yfirvöld eða verktakar á þeirra vegum virða ekki samninginn, eins og hefur verið normið í öllum löndum þar sem Kínverjar hafa fjárfest, er hætt við því að það hafi víðtæk áhrif á þær starfsgreinar sem verða fyrir áhlaupi risaveldisins.

Saga samningsrofa

Þegar ég lýsti yfir áhyggjum mínum í tengslum við þennan samning á Alþingi og óskaði eftir því að við myndum stíga varlega til jarðar og grandskoða samninginn innan þings, og lýsti yfir ósk um að þingmenn kynntu sér af kostgæfni sögu samningsrofa víðs vegar um heim, var lítið gert úr varnaðarorðum mínum. Ég óttast að allt of fáir kynni sér þessa sögu en hægt er að lesa sér til um vafasama starfshætti kínverskra fyrirtækja í þróunarlöndum í bókinni China's Silent Army. Annar höfundar hennar er spænski rannsóknarblaðamaðurinn Juan Pablo Cardenal, sem kom til Íslands í september í fyrra til að safna efni í bók um fjárfestingar og starfshætti Kínverja á Vesturlöndum. Hann skoðaði sérstaklega Grímsstaðamálið, stórskipahöfn í Finnafirði og alþjóðaflugvöll norðan við Þórshöfn. Í nýju bókinni munu höfundarnir helga einn kafla Grænlandi, Íslandi og Noregi.

Gjarnan hefur verið sagt að ef við vildum sjá hvar fríverslunarsamningur á milli Kína og annars þjóðríkis hefði verið til heilla fyrir báða aðila ættum við að líta til Nýja-Sjálands. Það vill nú svo vel til að ég hef búið á Nýja-Sjálandi og það er ekki alls kostar rétt að sjaldan hafi önnur eins blessun í viðskiptalegu samhengi rekið á fjörur Nýsjálendinga. Ég hef nefnilega heyrt af skuggahliðum sem íslenskir bændur ættu að hafa í huga þegar þeir veita umsögn um samninginn. Kínverjar hafa keypt upp stór landsvæði og stefnt mjólkur-iðnaði á Nýja-Sjálandi í nokkra vátta.

Kaupæði runnið á nýríka Kínverja

Fjöldamörg önnur vandamál hafa skapast á Nýja-Sjálandi. Á nýríka Kínverja hefur runnið kaupæði víða um heim og hafa Nýsjálendingar ekki farið varhluta af því. Það hefur valdið það miklum ugg að reynt hefur verið að stemma stigu við því með lagabreytingum.

Mannréttindi ber að virða út frá viðskiptahagsmunum. Skilja mátti orð þess þingmanns sem ber höfuðábyrgð á þessum fríverslunarsamningi sem svo að ekki væri hægt að gera svona samning við Hvíta-Rússland vegna mannréttindabrotar þar í landi en okkur bæri skylda til að gera svona samning við Kína svo að við gætum haft raunveruleg áhrif á stefnu þeirra. Hann Össur hélt því líka fram að núverandi stjórnvöld væru mild því að yfirlýsing hefði komið frá þeim um að það væri búið að loka þrælubúðunum illræmdu. Ég verð því miður að hryggja utanríkisráðherrann fyrrverandi með því að það er bara sjónarspil og ekki þarf að leita lengi í fréttum á netinu til að fá staðfestingu á því.

Það eru svo margar hættur sem okkur ber að varast og nú þegar höfum við gert vinum okkar á Taívan óleik með því sem stendur í samningum. Myndi ég vilja að fólk gerði sér grein fyrir því sem verið er að viðurkenna í okkar nafni úti í hinum stóra heimi, en í lokaorðum samningsins stendur eftirfarandi: „Ísland fylgir þeirri stefnu að Kína sé eitt og óskipt ríki og styður friðsamlega þróun samskipta yfir sundið og þá viðleitni að Kína sameinist á ný með friðsamlegum hætti. Kína metur mikils fyrrnefnda afstöðu ríkisstjórnar Íslands.“

Viðleitni Kínverja langt í frá friðsamleg

Hvað þýðir þetta? Jú, það hefur verið stefna Íslendinga að viðurkenna sameinað Kína, sem er með öðrum orðum að viðurkenna hernám Kína í Tíbet og einangrunarstefnu gagnvart Taívan til að innlima það inn í móðurlandið. Það sem mér finnst þó sorglegast við þennan texta er að við styðjum þá viðleitni að Kína sameinist „á ný“ með „friðsamlegum“ hætti. Viðleitni Kína hefur langt í frá verið friðsamleg; 122 Tíbetar hafa kveikt í sér síðan 2009 í þeirri von að ákall þeirra um hjálp verði veitt áheyrn einhvers staðar í heiminum. Í Tíbet hafa kínversk yfirvöld stundað menningarlegt þjóðarmorð, sem getur varla talist friðsamlegur háttur við sameiningu. Þá eru fjöldamörg dæmi um að Kína hafi samið Taívan út úr löndum í tengslum við svona samninga og það hlýtur að vera umhugsunarvert að Kínverjar vildu ekki semja í gegnum EFTA, sem er miklu betri kostur því þar erum við í vari sem gerðardómur EFTA býður upp á ef Kínverska alþýðulýðveldið skyldi taka upp á því að fara á svig við samninginn.

„Viðleitni Kína hefur langt í frá verið friðsamleg; 122 Tíbetar hafa kveikt í sér síðan 2009 í þeirri von að ákall þeirra um hjálp verði veitt áheyrn einhvers staðar í heiminum.“